

OECD360

ÍSLAND

2015



• Grænn vöxtur



• Menntun



• Velferð



• Störf

• Svæðisbundnar áherslur



• Þróun

Hvernig kemur Ísland út í samanburði?



• Atvinnulíf

• Tölfræði



• Samfélag



• Landbúnaður



Kynntu þér útgáfu og þjónustu OECD



www.oecd.org/bookshop



www.oecd-ilibrary.org



www.youtube.com/OECDiLibrary



www.twitter.com/OECD_Pubs



www.facebook.com/OECDPublications

<https://www.facebook.com/fastanefndoecdunescocoe>

Efnisyfirlit

Hvernig kemur **Ísland** út í samanburði?

04	Formáli Angel Gurría , framkvæmdastjóra OECD	26	Velferð á Íslandi 
06	Ísland og OECD	29	Öll svæði geta aukið árangur með bættum stjórnarháttum 
09	Ísland í tölum	33	Vaxandi mikilvægi menntunar og færni 
13	Atvinnulíf Stefnt að hagvexti 	37	Mæling framfara í átt að grænum efnahagsvexti 
17	Að skapa fleiri og betri störf 	41	Horfur í landbúnaði Að fæða heiminn 
21	Frá fjármálakreppu til félagslegrar kreppu 	45	Þróun Framleiðni - næsta áskorun 



OECD360

Samantekt



Í þessu riti Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD360, eru birtar nýjustu greiningar og upplýsingar úr Lykilskýrslum OECD. Mállefni sem eru efst á baugi eru skýrð nánar í fjölmörgum myndrænum útfærslum.

• **Menntun, atvinna, grænn vöxtur, sjónarmið einstakra svæða, landbúnaður, hagvöxtur, fjármálakreppan og afleiðingar hennar á þjóðfélag og þróun:** 8 umræðuefni sem gefa yfirlit yfir stöðu hvers lands og stöðuna á alþjóðavettvangi í heild.

Hverri grein fylgja tvær blaðsíður með myndefni þar sem áhersla er lögð á gögn OECD í þremur myndrænum útfærslum sem fengnar eru úr upphaflegu útgáfunni - með Statlinks sem gera lesendum kleift að sækja frumgögn fyrir hverja myndræna útfærslu.

• **Landið þitt í brennidepli:** Á síðunum fyrir „Landið í tölum“ og vísitöluna Betra líf er hægt að bera landið saman við meðaltalið í löndum OECD með því að nota ýmsa tölfræðivísu á sviði efnahags, atvinnumála, velferðar, skattlagningar og árangurs í umhverfismálum.

• **Þú og Efnahags- og framfarastofnunin - OECD:** Eins og öll aðildarríki hafa stjórnvöld í þínu landi fastanefnd gagnvart OECD, sem samanstendur af sendiherra og stjórnarereindrekum. Á þeim blaðsíðum sem teknar hafa verið saman með aðstoð þeirra er kynnt saga, árangur og samstarf Íslands við OECD.

Inngangur

Um Efnahags- og framfarastofnunina - OECD

Hlutverk OECD er að efla þau stefnumál sem geta bætt efnahagslega og félagslega velferð þjóða um allan heim. Efnahags- og framfarastofnunin er vettvangur þar sem ríkisstjórnir vinna sameiginlega að því að leita lausna á sameiginlegum vandamálum, deila reynslu sinni og skilgreina bestu leiðirnar að stefnumótun sem stuðlar að bættum lífskjörum. Í yfir 50 ár hefur Efnahags- og framfarastofnunin tekið þátt í að móta altæka staðla, alþjóðlega sáttmála, samninga og tilmæli á sviðum á borð við stjórnun og baráttu gegn mútum og spillingu, ábyrgð stórfyrirtækja, þróun, alþjóðlegar fjárfestingar, skatta- og umhverfismál. Samvinna, skoðanaskipti, samkomulag og jafningjarýni eru helstu drifkraftar OECD til að ná markmiði sínu um öflugra, óspilltara og sanngjarnara hagkerfi og samfélag í heiminum.

Aðildarríki OECD eru: Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kórea, Lúxemborg, Tékkland, Mexíkó, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Pólland, Síle, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tyrkland, Ungverjaland og Þýskaland. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur þátt í starfi OECD. OECD á í aðildarviðræðum við Kólumbíu, Lettland og Rússneska sambandsríkið*. Stofnunin á einnig í samvinnu við yfir 100 önnur hagkerfi, þ.m.t. við lykilsamstarfsaðilana Brasilíu, Indland, Indónesíu, Kína og Suður-Afríku.

www.oecd.org/about

* Vinnu sem varðar aðildarferli Rússneska sambandsríkisins að OECD hefur verið frestað um stundarsakir.

Helstu upplýsingaveitur OECD

Vefsvæði OECD:
www.oecd.org
www.oecd.org/Iceland

Útgáfa og gögn OECD:
www.oecd-ilibrary.org
og data.oecd.org/

Fréttavefur OECD:
www.oecdobserver.org/

Bloggsíða OECD:
www.oecdinsights.org

Takið þátt

Málþing OECD:
www.oecd.org/forum

Hnattræn samtök þingmanna innan OECD:
www.oecd.org/parliamentarians

Twitter: @OECD
#OECD360

Facebook:
www.facebook.com/theOECD
<https://www.facebook.com/fastanefndoecdunescoce>

Til að panta prentútgáfur skaltu hafa samband við:
OECD.Bookshop@oecd.org

Netútgáfa er aðgengileg á:
www.oecd360.org

Skoðanir þær sem birtar eru og röksemdir, sem notaðar eru í útgáfu þessari, endurspeglar ekki endilega opinbera skoðun OECD eða aðildarríkja stofnunarinnar. Notkun efnis, sem fengið er frá aðilum utan stofnunarinnar, eða birting textatengla sem vísa í utanaðkomandi vefsíður felur ekki í sér að OECD fallist á eða beri ábyrgð á þeim skoðunum, hugmyndum og upplýsingum sem settar eru fram í útgáfunni. Sé misræmi milli opinbers efnis frá OECD og þýðingarinnar telst eingöngu texti upprunalega efnisins vera gildur.

Útgáfa þessi og landakort, sem fylgja henni, hafa ekki nein áhrif á stöðu eða fullveldi nokkurs landsvæðis, eða á afmörkun alþjóðlegra landamæra og ytri marka landa og heiti landsvæða, borga eða annarra svæða.

Haggtölur varðandi Ísrael eru látnar í té af hálfu og á ábyrgð viðkomandi ísraelskra yfirvalda. Notkun OECD á slíkum gögnum hefur ekki áhrif á stöðu Gólanhæða, Austur-Jerúsalem og ísraelskra byggða á Vesturbakkanum samkvæmt skilmálum þjóðaréttar.

Birting auglýsinga í útgáfu þessari telst ekki á neinn hátt fela í sér stuðning af hálfu OECD við vörur eða þjónustu sem vísað er til hér. Þegar minnst er á tilgreind fyrirtæki eða ákveðnar framleiðsluvörur felur það ekki í sér að mælt sé með þeim í samanburði við aðrar vörur sem eru svipaðs eðlis og ekki er minnst á. Öll þau vörumerki, fyrirtækjamerki, þjónustumerki, merki samvinnufélaga eða félagasamtaka, hönnunarréttindi, persónubundin réttindi eða sambærileg réttindi, sem minnst er á, eru notuð eða talin upp í í þessu riti, eru háð eignarétti viðkomandi eigenda.

Formáli

Sjálfbær hagvöxtur fyrir alla: Gerum hlutina rétt



Angel Gurría
Framkvæmdastjóri OECD
©OECD

Kreppan er enn þá ekki yfirstaðin. Hagvöxtur er að ná sér á strik en það gengur of hægt; dregið hefur úr atvinnuleysi en þó er enn langt í land; aukið misrétti í samfélögum okkar veldur áhyggjum og traust á ríkisstjórnunum og lýðræðislegum stofnunum fer sífellt minnkandi. Ríkisstjórnir þurfa án tafar að útfæra stefnumál sem skila sér í framförum á öllum þessum sviðum til að tryggja að við höldum áfram á réttri braut í átt að sjálfbærum hagvexti fyrir alla.

Efnahags- og framfarastofnunin - OECD er í einstakri aðstöðu til að aðstoða ríkisstjórnir við að taka á þessum málum vegna þess að í meira en hálfa öld hefur stofnunin lagt fram gögn með greiningum á öllum sviðum sem ríkisstjórnir verða að fást við – frá landbúnaði til atvinnuleysis – og veitt ráðleggingar á sviði menntunar, heilbrigðismála, umhverfismála, fjármála eða stjórnunar.

Stefna er ekki takmark í sjálfu sér – heldur er markmiðið með bættri stefnumótun að stuðla að betri lífskjörum fyrir borgarana. OECD getur bent ríkisstjórnunum á hvernig mismunandi greinar atvinnulífsins í þeirra eigin landi standa sig og borið það saman við árangur í öðrum löndum og í sameiningu getum við nýtt þessar upplýsingar til að bæta starfshætti og stuðla að bættri stefnumótun.

Í *OECD360* má finna á einum stað úrval nýjustu niðurstaðna OECD varðandi helstu málefni eins og störf, atvinnuleysi, hagvöxt og menntun, sem og heildaryfirlit yfir velsæld efnahags og einstaklinga í mismunandi löndum. Í ritinu er að finna gögn um einstök lönd og þau sett í samhengi við OECD í heild sinni. Í *OECD360* má einnig skoða hvernig mismunandi svið tengjast hvert öðru. Til dæmis má sjá hvernig menntakerfi lands stendur sig í samanburði við lönd sem standa því

jafnfætis en einnig er sýnt fram á mikilvægi menntunar til að auka möguleikana á að fá góða vinnu þegar atvinnuleysi er mikið meðal ungs fólks.

Í riti þessu má finna nýjustu greiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar – OECD á leiðinni fram á við á ýmsum lykilsviðum ásamt góðum ráðleggingum um hvernig best er að takast á við helstu áskoranir sem samfélög okkar standa frammi fyrir: Hvernig eigi að beina félagslegum stuðningi til þeirra sem raunverulega þurfa á honum að halda og hvernig eigi að tryggja að takmarkanir fjárlaga grafi ekki undan umfangi og gæðum grunnþjónustu á borð við heilbrigðisþjónustu og menntun.

Hvernig eigi að skapa fleiri og betri störf og efla þá fagkunnáttu sem vinnumarkaðurinn mun krefjast á næstunni. Hvernig eigi að hvetja til notkunar hagvaxtarlíkans sem skapar tækifæri fyrir alla og skilur engan út undan. Hvernig eigi að færa sig í átt að grænu hagkerfi sem byggist á lágri kolefnisnotkun og bætir lífskjör okkar án þess að það verði á kostnað komandi kynslóða.

Þessi málefni eru mikilvæg fyrir allar ríkisstjórnir. OECD starfar með öllum aðildarlöndum sínum og samstarfslöndum að því að takast á við þessar áskoranir og nýta til þess áður óþekktu möguleika sem bjóðast í sífellt samtengdari heimi nútímans.

Ég vona einlæglega að 360 gráðu skyndimyndin sem þetta nýja rit dregur upp af

efnahag Íslands og samfélagi, með því að draga saman ýmsa mismunandi þræði úr starfi okkar í tengslum við landið ykkar, muni stuðla að og efla sameiginlegan skilning okkar á því hvernig megi hlúa að velsæld. Efnahags- og framfarastofnunin - OECD telur sér sóma að því að starfa með og fyrir Ísland. Í sameiningu getum við stuðlað að betri stefnumálum í þágu betri lífskjara, hér og um heim allan.

» **Efnahags- og framfarastofnunin - OECD telur sér sóma að því að starfa með og fyrir Ísland. Í sameiningu getum við stuðlað að betri stefnumálum í þágu betri lífskjara, hér og um heim allan.** «

Angel Gurría
Framkvæmdastjóri OECD





Gunnar
Bragi Sveinsson
Utanríkisráðherra

©Utanríkisráðuneytið

OECD - Alþjóðasamstarf sem skilar árangri

Markmið Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er að auka efnahagslega og félagslega velferð um heim allan með því að efla hagvöxt, auka jöfnuð og stuðla að jákvæðri þróun heimsviðskipta. Stofnunin var upprunalega sett á laggimar til að framfylgja Marshall-áætluninni í kjölfar seinni heimsstyrjaldar og skiptust ríki þá á upplýsingum um hvaða aðferðir hefðu nýst vel við að byggja samfélögin upp að nýju eftir stríðið. Kjarninn í starfi stofnunarinnar er þannig að stuðla að því að ríki bæti frammistöðu sína á sviði opinberrar stjórnsýslu og þjónustu, efla atvinnulíf og nýti sóknarfæri til hins ýtrasta.

Þekktast er starf OECD á sviði efnahagsmála og menntamála, en stofnunin starfar á fjölmörgum sviðum. Aðildarríki OECD starfa á jafningjagrundvelli og koma fulltrúar þeirra saman til að bera saman bækur sínar og læra hver af öðrum, deila reynslu sinni og leita lausna til að takast á við sameiginlegar áskoranir. Reglulega gangast ríki undir úttektir og jafningjarýni á hinum ýmsu sviðum, svo sem efnahagsmálum, félags- og heilbrigðismálum og umhverfismálum. Þá hefur Ísland nýlega tekið sæti í Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) og mun því einnig í framtíðinni reglulega fá úttektir á framkvæmd íslenskrar þróunaraðstoðar sem stuðlar að faglegu aðhaldi og hjálpar til við að bæta árangur af íslenskri þróunaraðstoð. Ráðleggingar OECD nýtast við innlenda stefnumótun og þar sem þær

byggjast á reynslu annarra þjóða og þekkingu sérfræðinga eru þær gott veganesti þegar ráðast þarf í umbætur. OECD hefur einnig lagt lóð sín á vogarskálarnar varðandi ýmis verkefni sem þjóðir þurfa að leysa í sameiningu. Sem dæmi má nefna það mikilvæga verkefni að tryggja að stór alþjóðleg fyrirtæki komist ekki undan skattheimtu.

Efnahags- og framfarastofnunin er gott dæmi um hverju alþjóðasamstarf getur skilað. Saman leita OECD-ríkin að leiðum til að hámarka árangur af opinberri þjónustu og gera samfélög sín betri. Það er ómetanlegt fyrir íslensk stjórnvöld og sérfræðinga á hinum ýmsum sviðum stjórnsýslunnar að sitja við borðið og geta þannig bæði lært af reynslu annarra, miðlað af okkar eigin reynsluheimi og tekið þátt í að finna lausnir á aðkallandi verkefnum sem ríki heims standa frammi fyrir. Það nýtist svo sannarlega vel í því endalæsa verkefni stjórnvalda hverju sinni að gera gott samfélag enn betra.

Það er von mín að þetta rit OECD 360° verði til að efla áhuga á Íslandi á starfi OECD og því fjölbreytta starfi sem unnið er á vegum stofnunarinnar.

Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra

©Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Bjarni Benediktsson Fjármála- og efnahagsráðherra



Úttektir OECD mikilvægur upplýsingabrunnur

Starfsemi OECD hefur marga snertifleti við verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Íslenska stjórnslan er fámenn og því er henni mikilvægt að hafa aðgang að þeim upplýsingabrunni sem úttektir OECD eru og þeirri jafningjarýni og upplýsingamiðlun sem á sér stað milli aðildarríkjana á vettvangi samtakanna. Engin önnur alþjóðastofnun gefur út jafn sambærilega tölfræði um yfirgripsmikið svið hagtalna og OECD.

OECD hefur á að skipa færustu sérfræðingum á hverju sviði og á tveggja ára fresti gefa samtökin út skýrslu um íslensk efnahagsmál þar sem byggt er á greiningu sérfræðinga eftir samskipti við íslensk stjórnvöld. Þar er að finna tilmæli um aðgerðir sem hafa fengið umfjöllun fulltrúa frá öllum aðildarríkjum samtakanna og byggja því á mjög víðtækri yfirsýn. OECD getur ekki knúið á um framkvæmd tillagnanna og er jafningjaþrýstingur sú leið sem farin er til að ýta á að farið sé eftir tillögum. Í samskiptum við pólitísk yfirvöld er fjallað um þá meinbugi sem kunna að vera á því að hrinda vel meintum tillögum til úrbóta í framkvæmd.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur virkan þátt í samstarfi samtakanna á sviði efnahagsmála, ríkisfjármála, skattamála og bættrar opinberrar stjórnslu og hefur þannig haft aðgang að upplýsingum um vel heppnaðar nýjungar. Samtökin hafa beitt sér fyrir því að settir séu staðlar um ýmis atriði sem varða efnahagsleg samskipti ríkja í þeim tilgangi að auka frelsi í viðskiptum og samræma rekstrargrundvöll fyrirtækja. Samtökin

hafa beitt sér til að samræma stöðu fjölþjóðaafyrirtækja í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skattaflotta. OECD hefur sett staðla um gerð upplýsingaskiptasamninga við lágskattasvæði en á þeim hafa Norðurlöndin byggt samræmda áætlun sína um gerð slíkra samninga á undanföllum árum með góðum árangri.

Eitt dæmi um gildi þess að hafa upplýsingar um hvað best hefur reynst í öðrum löndum til viðmiðunar í stefnumótun er undirbúningur að frumvarpi um opinber fjármál sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar eru gerðar tillögur um að færa marga þætti í meðferð opinberra fjármuna í átt til þess besta sem gert er annars staðar og m.a. byggt á reynslu aðildarríkja OECD.

Það er ómetanlegt fyrir stjórnvöld á Íslandi að hafa aðgang að sérfræðiþekkingu sem byggist á svo mikilli yfirsýn og svo víðtækum samanburði sem OECD hefur yfir að ráða. Þannig geta stjórnvöld betur undirbúið stefnumörkun sína á þeim sviðum sem samtökin hafa látið sig varða, þau geta byggt á greiningum á því hvaða lausnir virka, og einnig geta þau byggt á reynslu annarra um framkvæmdina. Ríki alls staðar um heim fást við áþekk verkefni og vandamál, þótt umfang og einkenni séu breytileg. Samlegðin af samstarfi ríkja á vettvangi OECD felst einmitt í því að hagnýta og læra af reynslu hvers annars.

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Bjarni Benediktsson ásamt Angel Gurría framkvæmdastjóra OECD, öðrum ráðherrum og aðstoðarframkvæmdastjórum stofnunarinnar á ráðherrafundi OECD árið 2014.
©OECD/Michael Dean



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ásamt Angel Gurría, framkvæmdastjóra OECD, og Berglindi Ásgeirsdóttur, fastafulltrúa Íslands gagnvart stofnuninni, við upphaf ráðherrafundar um þróunarmál í desember 2014.
©OECD/Michael Dean



Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, við kynningu á úttekt OECD á umhverfismálum á Íslandi í september 2014.
©Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, var aðalfyrirlesari ráðstefnu sem Samkeppniseftirlitið hélt í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðherra og áfrýjunarnefnd samkeppnismála á 20 ára afmæli Samkeppniseftirlitsins í september 2013.
©Samkeppniseftirlitið

Ísland í tölum

> ÞEKKINGARBANKI

- Gagnauppruni: <http://data.oecd.org/iceland.htm>
- *OECD Factbook 2014: Economic, Environmental and Social Statistics*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/factbook-2014-en>
- *Government at a Glance 2013*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/gov_glance-2013-en
- *Society at a Glance 2014: OECD Social Indicators*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/soc_glance-2014-en
- Öll tölfræði OECD: <http://www.oecd-ilibrary.org/statistics>

Líf og vinna

Íbúafjöldi Íslands sem hluti af heildarfjölda OECD-landa árið 2012



Á Íslandi

- ♂ **Karlar**
0,2 milljónir
- ♀ **Konur**
0,2 milljónir



Tekjujöfnuður


Gini-stuðull, 2012 eða nýjasti í boði



Gini-stuðullinn leggur mat á jöfnuð með því að mæla hversu langt tekjudreifing heimila vikur frá fullkomlega jafnri dreifingu. Gini-stuðullinn 0 sýnir fullkominn jöfnuð og 1 hámarksjöfnuð. (Myndin sýnir Gini-stuðulinn fyrir OECD-löndin)


Atvinnuleysi

% af vinnuafli, 2013



Atvinnuleysi eftir aldurshópi


% heildaratvinnuleysis í hverjum aldurshópi, 2013



Töpuð kynslóð?

Ungt fólk ekki á vinnumarkaði, í námi eða þjálfun (NEET), 2012


% eftir aldurshópi



Ísland í tölum

Hvernig stendur hagkerfið sig?

Ísland í OECD hagkerfinu
% af allri vergri landsframleiðslu
OECD, 2013



Verg landsframleiðsla

Í Bandaríkjadöllum
á mann, 2013

41.841



Ísland


37.986



Meðaltal OECD

Verðbólga (neysluverðsvísitala)

Vísitala (2010=100)



Verg landsframleiðsla


Milljarðar Bandaríkjadala



Skattamál


Skatttekjur í heild

Milljarður Bandaríkjadala (núverandi verðlag), 2011



Skatttekjur í heild 1988-2011



Milljarður Bandaríkjadala (núverandi verðlag)



Skatttekjur eftir atvinnugreinum

% heildarskatta, 2011

- Skattar á vörur og þjónustu
- Framlög til almannatrygginga
- Skattar á tekjur og hagnað
- Fyrirtækjaskattur
- Eignaskattur
- Skattar á laun og vinnuafli
- Fjármagnstekjuskattur
- Aðrir skattar



Heildartalan er ekki alltaf 100% vegna námundunar.

Með allt á hreinu

Loftmengun

Losun á koltvíoxíði

Tonn af CO₂ á mann




Úrgangur sveitarfélaga

Kíló á mann, 2012



Endurnýjanleg orka

% af heildarorkuframleiðslu





Hvernig eru lífskjör mæld ?

OECD hefur í meira en áratug unnið að því að greina félagslega þróun – finna leiðir sem gera meira en einungis að mæla áhrif vergrar landsframleiðslu á lífskjör fólks.

Árið 2011 var birt sérstök lífskjaravísitala OECD (e. OECD Better Life Index). Hún er birt á gagnvirkum vef og gerir fólki kleift að sjá hvernig heimaland þess kemur út í alþjóðlegum samanburði á mörgum sviðum, t.d. hreinleika loftsmenntun, tekjum og heilsu. Á vefnum gafst kostur á að lýsa skoðunum sínum með því að búa til eigin lífskjaravísitölu.

Meira en 5 milljónir manna í 184 löndum hafa heimsótt vefinn og nærri 100.000 hafa búið til eigin vísitölu og deilt henni með OECD. Í kjölfar þessara viðbragða hefur OECD skilgreint heilbrigði, lífsánægju og menntun sem helstu áhersluþætti sem horfa þarf til svo að fólk geti notið góðs lífs.

Hvað skiptir þig mestu máli?

Búðu til eigin lífskjaravísitölu og deildu henni með okkur á:
www.oecdbetterlifeindex.org

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2015), *Economic Policy Reforms 2015: Going for Growth*, OECD Publishing
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/growth-2015-en>



Stefnt að hagvexti

Við erum enn að berjast við afleiðingar efnahagskreppunnar – alþjóðaefnahagskerfið stendur veikum fótum og félagsleg neyð hefur aukist en ungt fólk hefur orðið fyrir mesta tekjutapinu og er í aukinni fátæktaráhættu. Stjórnvöld standa enn frammi fyrir langtímaáskorunum eins og öldrun íbúa og loftslagsbreytingum. Hvernig geta stjórnvöld endurgert og endurbætt stefnur sínar til að auka hagvöxt án þess að stuðla að ójöfnuði eða umhverfismengun?

Fjármálakreppan og hægur bati í framhaldi hennar hefur leitt til minni vaxtarmöguleika hjá flestum þróuðum löndum á sama tíma og mörg nýmarkaðsríki standa frammi fyrir niðursveiflu. Til skamms tíma verða viðfangsefnin í stefnumörkun meðal annars viðvarandi atvinnuleysi, minnkandi framleiðni, mikill fjárlagahalli og opinberar skuldir ásamt eftirstandandi vandamálum í fjármálaáætlunum. Kreppan hefur einnig aukið félagslega neyð, því að tekjulág heimili urðu fyrir miklu höggi ásamt því að ungt fólk varð fyrir mesta tekjutapinu og stendur frammi fyrir aukinni hættu á fátækt. Áskoranir til lengri tíma felast meðal annars í að takast á við öldrun íbúa ásamt áhrifum tæknilegra breytinga, sem kalla á aukna færni, á tekjujöfnuð, auk áhrifa hnignunar umhverfisins á heilsu og framtíðarvöxt. Þörf er á kraftmikilli uppbyggingarstefnu til þess að taka á mörgum þessara viðfangsefna, sem bæði þróuð ríki og nýmarkaðsríki standa frammi fyrir til skamms og meðallangs tíma.

„Stefnt að hagvexti“ er alhliða mat til þess að auðvelda stjórnvöldum að kanna hvernig umbætur á stefnumiðum kunna að hafa áhrif á hagsæld almennings og marka stefnu sem bent á þjórnar markmiðum hans. Í skýrslunni er bent á mikilvæg forgangsráði á sviði umbóta til þess að auka rauntekjur og atvinnu í þróuðum ríkjum og helstu nýmarkaðsríkjum. Forgangsráðið ná yfir breitt svið reglusetningar á sviði vöru- og vinnumarkaðar, menntunar og þjálfunar, skatta- og bótakerfa, viðskipta og fjárfestinga auk stefnumörkunar á sviði nýsköpunar. Áætlunin „Stefnt að hagvexti“ hefur

átt mikinn þátt í að hjálpa G20-löndunum að þróa stefnu sína um efnahagsvöxt til þess að auka samanlagða verga landsframleiðslu (VLF) sína um 2%, en eitt helsta stefnumál G20-landanna árið 2014 var að ná viðvarandi og jöfnum vexti.

Megináhersla áætlunarinnar er á að bæta veraldleg lífskjör til meðallangs tíma, en skýrslan varpar einnig ljósi á ýmsar málamiðlanir og samverkandi markmið um hagsæld, svo sem að draga úr tekjuójöfnuði og álagi á umhverfið. Nánar tiltekið er í skýrslunni farið yfir merki um áhrif vaxtarhvetjandi skipulagsumbóta á launadreifingu og ójöfnuð í heimilistekjum og kannað hvort tiltekin stefnumál, sem hafa drifið áfram landsframleiðslu á síðastliðnum áratugum, hafi einnig stuðlað að auknum ójöfnuði. Í skýrslunni er einnig litið til umhverfisálagsins sem tengist efnahagsvexti. Í þessu sambandi er fjallað um hlutverk skipulagsumbóta og umhverfisstefnu og sýnt fram á mikilvægi þess að marka viðunandi umhverfisstefnu, svo og um áhrif hennar á framleiðni aukningu. Loks er í þessari útgáfu „Stefnt að hagvexti“ að finna sérstakan kafla þar sem farið er yfir helstu þróun skipulagsbreytinga frá því snemma á öldinni.

Framfarir í skipulagsbreytingum frá 2013


Hægt hefur á skipulagsbreytingum í helstu þróuðu ríkjum OECD á síðastliðnum tveimur árum. Þetta gerist í kjölfar verulega örva breytinga í kjölfar kreppunnar, að hluta til vegna markaðsprýstings sem leiðir af skuldavanda evrusvæðisins.

Umbætur á efnahagsstefnu: Stefnt að hagvexti

Sýnishorn af upplýsingum

Vöxtur hefur dreifst á ójafnan hátt


Árlegur meðaltalsvöxtur á ráðstöfunartekjum heimila í OECD-löndum, árin 1995–2011, %



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933177441>

Mögulegur ávinningur af því að færa okkur nær góðum starfsháttum er mikill


Mögulegur ávinningur innan OECD að meðaltali í vergri landsframleiðslu sem stafar af öflugri endurbótum




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933177586>

Hægir á endurbótum í OECD-löndum en hvergi annars staðar

Viðbrögð við umbótatillögum til að auka hagvöxt



OECD



BRICS

StatLink  <http://dx.doi.org/10.1787/888933177291>

Myndefni er tekið af: OECD (02/2015), *Economic Policy Reforms 2015: Going for Growth*, OECD Publishing
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/growth-2015-en>.

Stefnt að hagvexti

Aðgerðir til umbóta eru enn í fullum gangi, þótt úr þeim hafi dregið í Grikklandi, á Írlandi, í Portúgal og á Spáni, en í Japan hefur verið bætt í. Þær eru tiltölulega veikburða á Norðurlöndunum og í helstu löndum evrusvæðisins. Vít og breitt í löndum OECD hefur stefnumörkun á sviði mennta- og vinnuþáttum verið sett í forgang í ljósi mikilvægis þekkingarauðs og færni á vinnuþáttum sem uppsprettu hagvaxtar, auk þess sem hugað er að því viðvarandi atvinnuleysi sem fylgir hinum hæga efnahagsbata. Umbætur hafa átt sér stað með vaxandi hraða í helstu nýmarkaðsríkjum en það endurspeglar vitund um flöskuhálsa og hömlur gegn vexti og þörfina á því að draga úr viðkvæmni fyrir sveiflum í verði hrávöru og flæði fjármagns.

Ný forgangsmál á sviði umbóta

Framleiðni vinnuafslins er áfram helsti drifkraftur hagvaxtar til langs tíma. Setja ætti í forgang umbætur sem miða að því að auka færni og þekkingarauð. Grunnur þeirrar viðleitni felst í að bæta gæði menntakerfa og auka aðgang að menntun. Breytt ráðstöfun fjármuna á aðlögunartímanum er lykillinn að auknum hagvexti. Stjórnvöld þurfa að bæta stefnumörkun á sviði samkeppni og nýsköpunar til þess að auðvelda innkomu nýrra fyrirtækja og greiða fyrir flutningi fjármuna og vinnuafslis til arðbærustu fyrirtækjanna og atvinnugreinanna. Löndin á sunnanverðu evrusvæðinu þurfa að ráðast í markaðsumbætur, einkum á sviði þjónustu, til þess að njóta ávinningsins af umbótunum sem gerðar hafa verið á vinnuþáttum síðastliðin ár. Hægt er að stuðla að því að hagvöxturinn gagnist sem flestum með því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni þátttöku fólks í atvinnulífinu sem þar er í minnihluta, svo sem kvenna, ungs fólks, ófaglærðra og eldra fólks. Ef stutt er við hraðari tilfærslu í ný störf og tryggð eru tækifæri fólks til að auka við færni sína hækkar atvinnustig enn frekar og hagvöxturinn kemur fleira fólki til góða.

Skipulagsbreytingar í þágu hagvaxtar og tekjudreifingar

Sum stefnumið í þágu hagvaxtar, sem auka verga landsframleiðslu með aukinni framleiðni, kunna að stuðla að ójöfnuði sem leiðir af tæknimálum. Til dæmis kunna umbætur sem stuðla að nýsköpun að auka launamun meðal vinnandi fólks. Önnur stefnumið, sem stuðla að þátttöku á vinnuþáttum og sköpun starfa, auka einnig launamun. En þar sem slíkar umbætur stuðla að aukinni atvinnu – ekki síst meðal ófaglærðra – eru áhrif þeirra á dreifingu ráðstöfunartekna heimila hlutlaus. Í ljósi þess að mörg lönd þurfa að taka á auknum ójöfnuði og þrengingum ættu stjórnvöld að setja í forgang hagvaxtarstefnumið sem einnig stuðla að jöfnuði og draga úr útilokun. Sérstaklega er mikilvægt að auka tekjumöguleika ófaglærðs fólks og auðvelda konum aðgengi að vinnuþáttum.

Vaxtarhvetjandi skipulagsumbætur, umhverfið og umhverfisstefna

Hagvexti fylgir að jafnaði aukið álag á umhverfið. Tengsl hagvaxtar og umhverfis ráðast einnig bæði af þeirri umhverfisstefnu sem mörkuð er og þeim uppbyggingaraðgerðum sem ráðist er í.

Sumar hagvaxtarhvetjandi umbætur, svo sem hækkun umhverfisskatta, upptaka vegagjalda eða afnám skaðlegra niðurgreiðslna, geta verið hagstæðar fyrir umhverfið. Aðrar auka skilvirkni umhverfisstefnunnar sem mörkuð er. Það á við um bætt réttarfar eða samkeppnisstefnu. Umhverfisstefna, sem er sveigjanleg og hlutlaus að því er varðar val á tækni og sem lágmarkar samkeppnishömlur, getur verndað umhverfið með árangursríkum hætti án þess að valda marktækum skaða á framleiðni í hagkerfinu.

Þróun umbóta frá 2005

Frá því að „Stefnt að vexti“ var fyrst gefið út árið 2005 hefur hraði kerfisbreytinga verið tiltölulega stöðugur að meðaltali í OECD-ríkjunum en þó með þeirri undantekningu að hraðinn jókst töluvert í kjölfar kreppunnar. Umbótastarf hefur leitt til töluverðra framfara í nokkrum málaflokkum. Það á til að mynda við um eftirlit með vörumörkuðum, skipulag lífeyriskerfa og atvinnuleysisstryggingakerfa. Almenn hafa skipulagsumbætur frá upphafi aldarinnar stuðlað að því að auka mögulega verga landsframleiðslu á mann um 5% að meðaltali yfir öll lönd og stafar mesta aukningin af aukinni framleiðni. Frekari umbætur í átt að bestu starfsvenjum eins og þær eru nú gætu aukið verga landsframleiðslu á mann til langs tíma um 10% að meðaltali í OECD-ríkjunum. Það jafngildir meðalaukningu sem nemur um 3.000 Bandaríkjadölum á hvern einstakling.

DEKkingARBANKI

- *OECD Factbook 2014: Economic, Environmental and Social Statistics*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/factbook-2014-en>
- *OECD Economic Surveys*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/16097513>
- *OECD Economic Outlook*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/16097408>

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2014),
OECD Employment Outlook 2014,
 OECD Publishing
 DOI: http://dx.doi.org/10.1787/empl_outlook-2014-en



Að skapa fleiri og betri störf

Atvinnuleysi er enn talsvert meira en það var fyrir kreppuna í mörgum OECD-ríkjum þrátt fyrir nokkurn bata á vinnumarkaðinum. Mikið atvinnuleysi hefur leitt til kerfislægs atvinnuleysis í sumum löndum, sem ekki er víst að gangi til baka með vaxandi hagvexti. Margir sem hafa haldið vinnunni hafa einnig horft á rauntekjur sínar aukast hægar eða jafnvel dragast saman vegna kreppunnar. Stefnumótun ætti að stuðla að fleiri og betri störfum, einkum fyrir ungmenni, langtímaatvinnulausa og þá sem starfa í lausamennsku.

Vinnumarkaður á OECD-svæðinu hefur enn ekki náð sér til fulls

Atvinnuleysi er enn talsvert meira en það var fyrir kreppuna í mörgum löndum OECD þrátt fyrir nokkurn bata á vinnumarkaðinum. Gert er ráð fyrir lítils háttar minnkun atvinnuleysis á seinni hluta ársins 2014 og 2015. Að atvinnuleysi skuli þrífaldlega hafa haldist svo hátt hefur leitt til þess að kerfislægt atvinnuleysi hefur aukist í sumum löndum, sem ekki er víst að gangi sjálfkrafa til baka þótt hagvöxtur aukist og hefur það valdið því að mannauður hefur tapast af markaðnum og viljinn til atvinnuleitar hefur dofnað, einkum hjá þeim sem hafa verið atvinnulausir lengi. Á OECD-svæðinu í heild hafa 16,3 milljónir manns – meira en einn af hverjum þremur atvinnulausa – verið án vinnu í 12 mánuði eða meira á síðasta ársfjórðungi ársins 2013, næstum helmingi fleiri en árið 2007. Í ljósi þessarar þróunar ætti það að vera meginstefnumið þar sem batinn hefur verið hægari að örva eftirspurn ásamt því að beita öflugri aðgerðum gegn kerfislægu atvinnuleysi. Aðgerðir ætti að setja í forgang sem efla atvinnu og þjálfun meðal langtímaatvinnulausa, sem eiga erfiðast með að fá atvinnu og eru því líklegastir til að yfirgefa vinnumarkaðinn.

Verulega hefur hægt á raunhækkun launa

Margir sem hafa haldið vinnunni hafa horft á rauntekjur sínar aukast hægar eða jafnvel dragast saman vegna kreppunnar. Stöðug aukning atvinnuleysis í mörgum löndum OECD hefur sett verulegar skorður við raunhækkun launa. Þetta hefur hjálpað til að hemja launakostnað á hverja einingu og þannig styrkt ytri samkeppnishæfni í allmörgum löndum, einkum á evrusvæðinu. Frekari launaaðlögun, einkum í ljósi lágrar verðbólgu, myndi kalla á sársaukafullar launalækkanir og gæti leitt til aukinnar fátæktar hjá vinnandi fólki. Þörf er á víðtækri stefnumótun til að efla samkeppnishæfni, vöxt og atvinnusköpun. Auk skynsamlegrar hagstjórnarstefnu til að stuðla að efnahagsbata má nefna stefnumið á borð við umbætur til að efla samkeppni á mörkuðum fyrir vörur og þjónustu, aðstoð við launafólk sem misst hefur vinnuna til að skipta um starfsvettvang og uppþætur á tekjur láglaunafólks.

Stuðla þarf að betri atvinnugæðum


Meta þarf frammistöðu vinnumarkaðarins bæði út frá fjölda atvinnutækifæra og gæðum þeirra, þ.e.a.s. stefnumótun þarf að stuðla bæði að fleiri og betri störfum. Þróuð hefur verið

Horfur í atvinnumálum OECD

Sýnishorn af upplýsingum

Langtímaatvinnuleysi helst viðvarandi hátt


Langtímaatvinnulausir (eitt ár eða meira) sem hlutfall af heildarfjölda atvinnulausra



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933131880>

Ungmennni eru líklegust til að vera á tímabundnum ráðningarsamningum, 2011-2012

% af atvinnulausum á tímabundnum ráðningarsamningum ▲ Allir (15-64) ● Ungmennni (15-24)




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933132640>

Hlutfall ungmenna (16-29) sem sameina vinnu og nám % af öllum námsmönnum




*BEL = Flæmingjaland; *GBR = England og Norður-Írland

StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933133039>



ISO KÓÐAR	AUS Ástralía	CZE Tékkland	DEU Þýskaland	ITA Ítalía	LTU Lítháen	NOR Noregur	SVN Slóvenía	GBR Bretland
	AUT Austurríki	DNK Danmörk	GRC Grikkland	ISR Ísrael	LUX Lúxemborg	POL Pólland	ESP Spánn	USA Bandaríkin
	BEL Belgía	EST Eistland	HUN Ungverjaland	JPN Japan	MEX Mexíkó	PRT Portúgal	SWE Svíþjóð	
	CAN Kanada	FIN Finnland	ISL Ísland	KOR Kórea	NLD Holland	RUS Rússland	CHE Sviss	
	CHL Síle	FRA Frakkland	IRL Írland	LVA Lettland	NZL Nýja-Sjálend	SVK Slóvakía	TUR Tyrkland	



Myndefni er tekið af: OECD (09/2014), *OECD Employment Outlook 2014*, OECD Publishing
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/empl_outlook-2014-en.

Að skapa fleiri og betri störf

hugmynd að nýju og starfhæfu greiningarkerfi sem mælir gæði atvinnu frá þremur hliðum: tekjustigi og tekjudreifingu, atvinnuöryggi og gæðum vinnuumhverfisins. Mikill munur er milli landa á þessum þáttum, hverjum um sig, en ekki er að sjá að gæði og fjöldi starfa útiloki hvort annað: sumum löndum gengur ágætlega á báðum sviðum. Einnig er talsverður munur á starfsgæðum eftir félagsstöðu og efnahag innan landa. Ungt launafólk með takmarkaða færni og fólk í tímabundnum störfum virðast standa höllum fæti af fjölmörgum ástæðum. Launafólk, sem býr yfir mikilli færni, hefur hins vegar ekki aðeins aðgang að fleiri störfum heldur einnig að bestu störfunum. Tekjustig og tekjudreifing velta á því hversu vel tekst til með stefnumótun sem stuðlar að hagvexti, aðgengi að menntun og gæðum hennar, þáttum sem ákvarða laun (t.d. lágmarkslaun, almennir kjarasamningar) og fyrirkomulagi skatta- og bótakerfa. Öryggi á vinnumarkaði byggist á samverkandi þáttum starfsverndunar, atvinnuleysisbótakerfa (atvinnuleysisbóta- og starfslokagreiðslna) og virkrar stefnumótunar á vinnumarkaði. Gæði vinnuumhverfisins ráðast að verulegu marki af því hversu vel tekst til með að framfylgja reglugerðum um vinnueftirlit til að koma í veg fyrir starfstengd heilsufarsvandamál, en einnig af viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins og samfélagslegri ábyrgð atvinnuveitenda.

Of mikil áhersla á lausráðningar er skaðleg einstaklingum og hagkerfinu

Lausráðningar – þ.e. allar tegundir atvinnu sem ekki byggjast á varanlegum eða ótímabundnum ráðningarsamningi – geta veitt fyrirtækjum sveigjanleika til að laga mannráðningar að breytilegum efnahagsaðstæðum. Slíkt fyrirkomulag getur einnig verið val starfsmanna sem kjósa sveigjanleikann sem því fylgir. Víðtæk notkun samninga um lausamennsku getur hins vegar haft skaðleg áhrif bæði á sanngirni og hagkvæmni. Fólk á slíkum samningum býr við meira starfsóryggi en fólk með hefðbundna ráðningarsamninga. Einnig virðast fyrirtæki fjárfesta minna í lausráðnum starfsmönnum, sem getur dregið úr framleiðni og þróun mannauðs. Á tveimur síðustu áratugunum fyrir alheimsfjármálakreppuna jókst óregluleg atvinnustarfsemi mikið í mörgum löndum þar sem stjórnvöld leituðust við að efla sveigjanleika á vinnumarkaði, að miklu leyti með því að slaka á reglum um lausamennskusamninga án þess að hreyfa við tiltölulega strangari skilyrðum sem giltu um hefðbundna ráðningarsamninga. Stefnumótunarkostir, sem miða að því að minnka bilið milli fastráðinna og lausráðinna starfsmanna, gætu falist í að setja strangari reglur um notkun lausamennskusamninga en slaka á reglum um uppsagnir fastráðinna starfsmanna. Í framhaldi af því væri hægt að ná fram samleitni uppsagnarkostnaðar milli samninga með því að innleiða sameiginlegan eða samræmdan samning. Til að þessir kostir komi að gagni þarf að komast yfir innleiðingarvandkvæði og gera aðrar umbætur til samræmis.

Bæði hæfni og færni skipta máli varðandi árangur á vinnumarkaði í bráð og lengd

Alþjóðleg könnun OECD á færni fullorðinna (e. Survey of Adult Skills) veitir nýja sýn á þátt menntunar og færni af ýmsum toga í árangri ungs fólk á aldrinum 16 til 29 ára á vinnumarkaði, þ.e. áhættuna af því að vera ekki í skóla og án atvinnu og hvert tímakaupið er ef vinna er stunduð. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að efla æðri menntun en einnig að auka læsi, talnalæsi og hæfni í þrautalausnum, svo og að bæta upplýsingarnar sem ungu fólki eru tiltækar þegar það velur sér námsgrein. Starfsreynsla hefur einnig snemma jákvæð áhrif á laun og sama er að segja um almenna færni. Í nokkrum löndum virðast fá ungmenni þó kjósa að vinna með námi, og flestir nemendur sem hafa atvinnu stunda vinnu sína utan formlegra kerfa sem miða að því að byggja upp starfsreynslu, svo sem starfsmenntun og þjálfun eða nám á námsgsamningi. Þetta bendir til þess að til þess að tengja nemendur vinnumarkaðinum nánari böndum þurfi ekki aðeins að innleiða og efla ýmsa þætti starfsmenntunar og náms á starfssamningum, heldur einnig að efla ráðstafanir sem auðvelda námsmönnum að afla sér starfsreynslu. Slíkar aðgerðir gætu m.a. falist í að uppræta þætti sem koma í veg fyrir að fyrirtæki lausráði fólk og hugsanlega taka upp skattaívilnanir fyrir námsmenn sem eru í starfi upp að tilteknum fjölda vinnustunda.

DEKKINGARBANKI

- *OECD Employment and Labour Market Statistics*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/lfs-data-en>
- *Taxing Wages 2013*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/tax_wages-2013-en
- *OECD Economic Outlook, Volume 2014 Issue 1*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/eco_outlook-v2014-1-en

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2014), *Society at a Glance 2014: OECD Social Indicators*, OECD Publishing
 DOI: http://dx.doi.org/10.1787/soc_glance-2014-en



Frá fjármálakreppu til félagslegrar kreppu

Atvinnuleysi og tekjutap valda nú lakari félagslegum aðstæðum í mörgum löndum OECD. Aðhaldsaðgerðir takmarka getu stjórnvalda til þess að takast á við þessi viðfangsefni. En niðurskurður útgjalda til félagsmála gæti gert lífið erfiðara fyrir þá sem verst standa og valdið vandamálum síðar. Til að félagskerfi geti staðist kreppu, og til þess að unnt sé að halda uppi virkum stuðningi gegnum alla hagsveifluna, þurfa stjórnvöld að horfa lengra en til núverandi ástands og búa í haginn fyrir framtíðina.

Meira en fimm árum eftir fjármálakreppuna valda hátt atvinnuleysisstig og lækkandi launatekjur versnandi félagslegum aðstæðum í mörgum löndum OECD. Getu stjórnvalda til að takast á við þessi vandamál eru settar skorður vegna aðhaldsaðgerða. Hins vegar eykur niðurskurður opinberra útgjalda til félagsmála enn á erfiðleika viðkvæmstu hópanna og gæti valdið vandamálum í framtíðinni. OECD-löndin geta aðeins tekist á við þessi vandamál með árangursríkum hætti með vel undirbúinni stefnumörkun og fullnægjandi fjármögnun. Þótt helstu nýmarkaðsríki hafi sloppið við skæðustu áhrif kreppunnar standa þau frammi fyrir ólíkum vandamálum. Reynsla OECD-landa mun hins vegar koma nýmarkaðsríkjunum að gagni í viðleitni þeirra til að koma upp félagsverndarkerfum sem geta staðið af sér efnahagskreppur.

Fjármálakreppan hefur kynt undir félagslegri kreppu

Fjármálaumrótið á árunum 2007-08 olli ekki aðeins efnahagskreppu heldur einnig samfélagskreppu. Löndin, sem urðu fyrir dýpstu og lengstu niðursveiflunni, horfa nú upp á keðjuverkandi áhrif hennar á atvinnumöguleika, tekjur og afkomu fólks. Um 48 milljónir manna innan OECD-landanna eru í atvinnuleit – 15 milljónum fleiri en í september 2007 – og milljónir að auki eiga í fjárhagsvanda. Fjöldi þeirra sem búa á heimilum sem eru án atvinnutekna hefur tvöfaldast á

Grikklandi, Írlandi og Spáni. Lágtekjuhópar hafa orðið hvað verst úti, svo og ungt fólk og barnafjölskyldur.

Félagslegar afleiðingar gætu varað árum saman

Þar sem heimili eru undir miklu álagi og fjárveitingar til félagsþjónustu sæta endurskoðun lætur sífellt meiri fjöldi manna í ljós óánægju með líf sitt, og traust á stjórnvöldum hefur hrunið. Einnig sjást merki um að kreppan muni varpa löngum skugga á framtíðarhagsæld fólks. Sumar félagslegar afleiðingar kreppunnar, t.d. stofnun fjölskyldna, frjósemi og heilbrigði, munu raunar ekki koma fram fyrr en síðar. Dregið hefur enn frekar úr frjósemi síðan kreppan hófst, sem eykur á lýðfræðilegan samfélagsvanda vegna vaxandi aldurs. Fjölskyldur hafa einnig skorið niður nauðsynleg útgjöld, svo sem til matvælaþjónu, og stofna þannig velferð sinni í hættu, nú og síðar. Enn er of snemmt að meta umfang langtímaáhrifa á heilsu fólks en vitað er að atvinnuleysi og fjárhagsvandamál eiga þátt í margs konar heilbrigðisvandamálum, meðal annars geðsjúkdómum.

Fjárfestum í dag til að forðast vaxandi kostnað á morgun

Skammtímasparnaður getur þýtt mun meiri framtíðarkostnað og stjórnvöld ættu að setja fjármögnun áætlana sem fela í sér fjárfestingu í forgang. Niðurskurður fjárveitinga til

Samfélög OECD í hnotskurn


Sýnishorn af upplýsingum

Fæðuöryggi fer minnkandi

„Hefur komið upp sú staða síðastliðna 12 mánuði að þú hefur ekki haft næga peninga til að kaupa mat?“

% þeirra sem svöruðu játandi ● 2011/2012 ● 2006/2007



Flokkað frá hæsta niður í lægsta, 2011/2012



Fátækt jókst meðal barna og ungmenna, en minnkaði meðal aldraðra

% punkta breyting í hlutfallslegum fátæktarstuðli milli 2007 og 2010 eftir aldurshópum

Flokkað frá lægsta upp í hæsta fyrir börn




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888932966485>

Atvinnuleysi hefur komið mest niður á ungu fólki í flestum löndum

% punkta breyting á atvinnuleysisstuðli milli 2007 og 2. ársfjórðungi 2013

● Eldra fólk (55-64) ■ Ungt fólk (15-24)



ISO kóðar

- | | | | | | | |
|----------------|---------------|------------------|---------------|--------------|------------------|----------------|
| AUS Ástralía | CHN Kína | DEU Þýskaland | IRL Írland | MEX Mexíkó | RUS Rússland | CHE Sviss |
| AUT Austurríki | CZE Tékkland | GRC Grikkland | ISR Ísrael | NLD Holland | ZAF Suður-Afrika | TUR Tyrkland |
| BEL Belgía | DNK Danmörk | HUN Ungverjaland | ITA Ítalía | NOR Noregur | SVK Slóvakía | GBR Bretland |
| BRA Brasílía | EST Eistland | ISL Ísland | JPN Japan | POL Pólland | SVN Slóvenía | USA Bandaríkin |
| CAN Kanada | FIN Finnland | IND Indland | KOR Kórea | PRT Portúgal | ESP Spánn | |
| CHL Síle | FRA Frakkland | IDN Indónesía | LUX Lúxemborg | | SWE Svíþjóð | |

StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/8889329666390>

Myndefni er tekið af: OECD (03/2014), *Society at a Glance 2014: OECD Social Indicators*, OECD Publishing
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/soc_glance-2014-en.

Frá fjármálakreppu til félagsmálakreppu

heilbrigðismála nú má ekki valda aukinni þörf á heilsugæslu síðar. Löndin, sem verst hafa orðið úti, ættu að tryggja aðgang barna að góðri heilbrigðisþjónustu og draga úr hættu á að þau sem ljúka námi hafi ekki aðgang að vinnumarkaðinum.

Viðkvæmir hópar þurfa stuðning þegar í stað

Til að ná árangri þarf fjárfesting í félagsmálum hins vegar að fela í sér fullnægjandi stuðning við fátækustu hópana. Að viðhalda og efla stuðning við viðkvæmstu hópana verður að vera forsenda í öllum áætlunum um efnahagslegan og félagslegan bata. Stjórnvöld þurfa að tímasetja og skipuleggja allar aðhaldsaðgerðir með þetta í huga því að áhrif aðgerðanna geta verið mjög mismunandi eftir hópum: til dæmis getur niðurskurður komið verr niður á fátækustu hópunum en skattahækkningar.

Takmarkað rúm er til niðurskurðar fjárútláta vegna atvinnuleysis

Þegar vinnumarkaðir eru veikburða er ekki mikið svigrúm til niðurskurðar framlaga til atvinnuleysisbóta, félagsaðstoðar og vinnumarkaðsaðgerða. Þegar sparnaði verður við komið ætti að samstillta hann við hraða efnahagsbatans. Bætur til skilgreindra hópa ætti að setja í forgang í löndum þar sem slíkum stuðningi er ekki til að dreifa, vegna þess að aðgangur að honum er erfiður eða þeir sem búið hafa lengi við atvinnuleysi eru komnir að endamörkum bótagreiðslna. Forðast ber flatan niðurskurð félagslegra greiðslna svo sem húsaleigu- og fjölskyldu-/ barnabóta því að slíkar bætur veita iðulega fátækum vinnandi fjölskyldum og einstæðum foreldrum lífsnauðsynlegan stuðning.

Með stuðningi við skilgreinda markhópa má ná fram sparnaði en jafnframt vernda þá sem lakast standa

Með því að skilgreina markhópa má ná fram verulegum sparnaði og jafnframt vernda hópa sem standa höllum fæti. Einkum og sér í lagi ættu umbætur í heilbrigðiskerfum að miða að því að hlífa viðkvæmstu hópunum. Þó þarf að vanda vel til skilgreiningar markhópa til að skapa ekki annarlega hvatningu til að forðast að leita sér atvinnu. Til að mynda kunna þeir sem eru í þann veginn að hefja störf að tapa, eða græða lítið, á að fara af atvinnuleysisbótum og vinna fyrir launum.

Að styðja fjölskyldur sem reyna að takast á við mótlæti

Hægt er að færa sterk rök fyrir kostum þess að haga opinberum stuðningi þannig að hann nýti og bæti getu heimilanna sjálfra til að takast á við mótlæti en komi ekki í hennar stað. Í ljósi þessa er sérstaklega mikilvægt að veita atvinnumálum stuðning, jafnvel þótt það kalli á aukin útgjöld

til virkrar velferðarstefnu (e. active social policies) til skamms tíma. Halda ætti virkri vinnumarkaðsörvun (e. labour market activation) og stuðningi við fólk í vinnu innan eðlilegra marka. Á þeim stöðum þar sem margar fjölskyldur eru án atvinnu þarf stefnumörkun að beinast að því að tryggja að þær njóti fljótt góðs af þegar aðstæður á vinnumarkaði batna. Til að stuðningurinn sé sem árangursríkastur ætti t.d. ekki að takmarka atvinnutengdan stuðning og hvatningu við einstaklinga í atvinnuleit, heldur ætti hann einnig að ná til maka sem ekki eru útí vinnandi.

Stjórnvöld þurfa að búa í haginn fyrir næstu kreppu

Til að félagskerfi geti staðist kreppu, og til þess að unnt sé að halda uppi virkum stuðningi gegnum alla hagsveifluna, þurfa stjórnvöld að horfa lengra en til loka hinnar nýafstöðnu niðursveiflu. Í fyrsta lagi þurfa þau að finna leiðir til að leggja fyrir meðan á uppsveiflum stendur til að geta mætt auknum kostnaði í niðursveiflum. Á útgjaldahliðinni ættu þau í ríkari mæli að tengja stuðning við aðstæður á vinnumarkaðinum – til dæmis með því að draga úr útgjöldum til bóta meðan á bata stendur og færa fjármagn frá bótagreiðslum til virkrar vinnumarkaðsörvunar. Á tekjuhliðinni ættu þau að vinna að því að breikka skattstofninn, reiða sig minna á launatengd gjöld og laga skattkerfi með tilliti til vaxandi launamisréttis. Í öðru lagi þurfa stjórnvöld að halda áfram skipulagsumbótum sínum á félagsverndarkerfum sem hafnar voru fyrir kreppuna. Raunar hefur kreppan hert á þörfinni fyrir þau. Svo lífeyrismál séu tekin sem dæmi, eiga eftirlaunaþegar framtíðarinnar á hættu að búa við aukið tekjuóryggi vegna langra atvinnuleysistímabila meðan þeir voru á vinnumarkaði. Að því er heilsugæslu varðar eru skipulagsumbætur, sem miða að niðurlagningu óþarfrar þjónustu og aukinni hagkvæmni, betri kostur en ómarkviss niðurskurður sem takmarkar aðgengi hinna verst settu að heilsugæslu.

DEKKINGARBANKI

- *OECD Income Distribution Database*
DOI : <http://dx.doi.org/10.1787/data-00654-en>
- *How's Life? 2013: Measuring Well-being*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264201392-en>
- *Health at a Glance 2013: OECD Indicators*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/health_glance-2013-en

ALÞJÓÐLEGT TENGLANET ÞJÓÐÞINGA OECD

Tenging löggjafa

Sendir greiningar og upplýsingar OECD á þingið þitt

Eflir bættu stefnu fyrir betra líf

Frekari upplýsingar
www.oecd.org/parliamentarians

eða sendu okkur tölvupóst
parliamentarians@oecd.org



Velferð á Íslandi

Ísland stendur sig vel í mörgum mælingum á velferð miðað við flest önnur lönd í lífskjarvísitölunni (e. Better Life Index). Ísland er meðal þeirra efstu í atvinnuþátttöku og tekjum og yfir meðallagi í félagslegum tengslum, velferð þegna, heilsufari, umhverfisgæðum, öryggi einstaklinga, borgaralegri þátttöku, menntun og færni.

Ísland stendur sig vel í mörgum mælingum á velferð miðað við flest önnur lönd í lífskjarvísitölunni (e. Better Life Index). Ísland er meðal þeirra efstu í atvinnuþátttöku og tekjum og yfir meðallagi í félagslegum tengslum, velferð þegna, heilsufari, umhverfisgæðum, öryggi einstaklinga, borgaralegri þátttöku, menntun og færni.

Á Íslandi skiptir góð menntun og færni höfuðmáli þegar leitað er að vinnu. Á landinu hafa 71% fullorðinna á aldrinum 25–64 ára lokið námi á framhaldsskólastigi en það er undir 75% meðaltalinu í ríkjum OECD. Hér standa karlmenn sig betur en konur því að 73% karlmannna hafa lokið stúdentsprófi samanborið við 68% kvenna. Hvað varðar gæði menntakerfisins fékk íslenski meðalnámsmaðurinn 484 stig í lesskilningi, stærðfræði og vísindum í Alþjóðlegri námskönnun OECD (PISA). Einkunnin er lægri en meðaltalið 497 í OECD-ríkjum. Að meðaltali stóðu íslenskar stúlkur sig betur en drengir sem nemur 20 stigum, en það er meiri munur en meðaltalið 8 stig í ríkjum OECD.

Þegar litið er á heilbrigðismál eru lífslíkur við fæðingu 83 ár á Íslandi, en það er þremur árum hærra en 80 ára meðaltal OECD og með því hæsta innan OECD. Lífslíkur kvenna eru 84 ár samanborið við 82 ár hjá karlmonnum. Magn svifryks (PM10) í andrúmslofti –

þó að peningar geti ekki keypt hamingju eru þeir mikilvægir til þess að öðlast betri lífskjör. Á Íslandi er meðaltal ráðstöfunartekna, heimilanna eftir skatt undir OECD-meðaltalinu, 25.908 Bandaríkjadöllum á ári.

Hvað varðar atvinnustig eru 82% fólks á aldrinum 15 til 64 ára á Íslandi í launaðri vinnu, en það er yfir 65% meðaltali atvinnuþátttöku innan OECD-ríkjanna og hæsta hlutfallið innan OECD. Um 84% karlmannna eru í launaðri vinnu og 80% kvenna.

mengunaraagna í andrúmslofti sem eru nægilega smáar til þess að berast niður í lungu og valda skaða – er 17,6 míkrogrömm á rúmmetra á stórum þéttbýlissvæðum, lægra en meðaltalið 20,1 míkrogrömm á rúmmetra í ríkjum OECD. Ísland stendur sig einnig vel þegar kemur að vatnsgæðum því 97% einstaklinga segjast ánægð með vatnsgæðin, en það er töluvert hærra en meðaltalið 81% í OECD og hæsta hlutfallið innan OECD.

Hvað varðar opinberan vettvang einkennist Ísland af sterkri samfélagskennd og mikilli borgaralegri þátttöku, en 96% einstaklinga telja sig þekkja einhvern sem þeir geta treyst á í neyð en það er hærra en 88% meðaltalið í ríkjum OECD og hæsta hlutfallið innan OECD. Kosningaþátttaka, en hún mælir þátttöku borgaranna í stjórnálaferlinu, var 81% í nýlegum kosningum; það er hærra en meðaltalið 68% í ríkjum OECD. Kosningaþátttaka meðal efstu 20% samfélagsins er talin hafa verið 84% og meðal lægstu 20% er hún talin hafa verið 74%, aðeins minni en 13 prósentustiga munurinn að meðaltali í ríkjum OECD.

Textinn hér endurspeglar það sem finna má á landssíðum vísitölnnar fyrir betra líf. Ítarlegri greiningu á velferð má finna í skýrslunni *Hvernig hefur þú það? 2013: Mælingar á velferð (e. How's Life? 2013: Measuring Well-Being)*.

Frekari upplýsingar um matið og viðmiðunarárin má finna á www.oecdbetterlifeindex.org/about/better-life-initiative/.

ÍSLAND í vísitölum

(í hlutfalli við önnur OECD-lönd)



Vísitala



Valdar niðurstöður

Meðalheimilið hefur **1,5** herbergi á einstakling

Meðalauður heimilisfólks er talinn vera **43.045** Bandaríkjadalir á einstakling

Um **1,2%** vinnuafslins hafa verið án atvinnu í ár eða lengur

Um **96%** einstaklinga telja sig þekkja einhvern sem viðkomandi getur treyst á í neyð

Meðalnámsmaðurinn fékk **484** stig í PISA-könnuninni í lesskilningi, stærðfræði og vísindum

Magn svifryks (PM10) er **17,6** míkrogrömm á rúmmetra

Kosningabátttaka í síðustu almennu kosningum var **81%** kosningabærra manna

Líflíkur eru **83** ár

Á skalanum 0 til 10 gefa einstaklingar almennri lífsánægju sinni einkunnina **7,5**

Tíðni manndrápa er **0,3** á 100.000 íbúa

Ísland er nálægt meðaltalinu í ríkjum OECD þegar kemur að jafnvægi á milli vinnu og einkalífs

Upplýsingar. Beint frá uppsprettunni.



ÓKEYPIS Beint
frá uppsprettunni

Frá árinu 1962 höfum við unnið að því að miðla upplýsingum um helstu málefni líðandi stundar.

Skráðu þig á

www.oecdobserver.org/subscribe.html

eða sendu okkur tölvupóst á

observer@oecd.org

UPPLÝSINGAR

////////////////////////////////////



Texti og myndir eru frá OECD (2014), *OECD Regional Outlook 2014: Regions and Cities: Where Policies and People Meet*, OECD Publishing

DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264201415-en>



Öll svæði geta aukið árangur með bættum stjórnarháttum

Sveitarfélög eru í fararbroddi stjórnvaldsaðgerða til þess að örva vöxt, auka hagsæld og takast á við ójafnræði en efnahagskreppan breikkaði bilið milli þeirra byggðarlaga sem leiða lestina og þeirra sem reka hana í helmingi ríkja OECD. Þótt efnahagsvöxtur og aðrir mælikvarðar á árangur séu afar mismunandi milli svæða og jafnvel innan einstakra landa, geta svæði sem illa standa orðið samkeppnisfær ef rétt stefnumið eru valin og ef aðgerðir eru samræmdar á öllum opinberum stjórnstigum.

Misræmi í tekjum milli byggðarlaga hefur aukist í flestum löndum OECD á síðustu áratugum og var kreppan síst til þess fallin að breyta þeirri þróun. Á þeim stöðum þar sem dregið hefur úr misræmi hefur það yfirleitt stafað af lakari árangri auðugri svæða fremur en hagvexti hjá þeim fátækari. Kreppan dró einnig fram mismunandi atvinnuleysisstig milli svæða.

Breytingin frá örvunaraðgerðum til aðhaldsaðgerða eftir kreppuna leiddi til **mikils niðurskurðar í opinberri fjárfestingu**, sem dróst saman um 13% að raunvirði í löndum OECD á árunum 2009-12. Þar sem um 72% af opinberri fjárfestingu er í höndum stjórnvalda á lægri stjórnstigum hefur þetta leitt til sérstakra vandkvæða fyrir einstakar byggðir og sveitarfélög. Þótt niðurskurður í fjárfestingum hafi stuðlað að verndun núverandi þjónustu og tekjutilfærslu er hætt við að hann grafi undan vexti og þjónustuframboði í framtíðinni.

Fjárhagsþrengingar hafa einnig leitt af sér **vaxandi fjölda aðgerða til umbóta á neðri stjórnvaldsstigum**. Þessar aðgerðir stafa m.a. af þörfinni á því að ná fram stærðarhagkvæmni og öðrum sparnaði en eru einnig leið til þess að framselja frekari verkefni.

Kreppan hefur varpað ljósi á takmarkanir þess að leggja hreint efnahagslegt mat á samfélagslegar framfarir og undirstrikað **þörfina á víðtækari mælikvarða á hagsæld**. En hagsæld

þarf að skilja og takast á við í héraði. Oft er misræmi í mælingum á hagsæld, annarri en fjárhagslegri hagsæld, meira milli byggðarlaga innan landa en milli landa og þetta misræmi helst jafnframt býsna stöðugt í tímans rás. Lönd þar sem misræmi í aðgangi að menntun, atvinnu og grunnþjónustu er meira, fá jafnframt lakari útkomu í heild varðandi hagsæld.

Sóknin eftir efnahagsvexti hefur beinst í ríkari mæli að **borgum sem mikilvægasta mögulega drifkrafti vaxtar** í flestum hagkerfum OECD. Þegar á heildina er litið er framleiðni meiri í borgum og forskotið í þeim efnium eykst með aukinni stærð. Stórar borgir hafa tilhneigingu til að ýta undir vöxt í nágrennahéruðum sínum, jafnvel í allt að 200-300 kílómetra fjarlægð. Smærri borgir geta þó notið aukinnar framleiðni með nánnum tengslum við aðrar borgir þar sem tengslanet kemur að einhverju leyti í stað stærðar.

Ávinningur af vexti og framleiðni, sem leiðir af þéttbýlismyndun, kemur ekki af sjálfu sér: **stjórnarhættir í borgum** hafa bein og mikilvæg áhrif á efnahagslegan árangur þeirra og lífsgæði íbúanna. Atferli heimila og fyrirtækja, svo og víxlverkun hinna ýmsu þátta opinberrar stefnu, hafa iðulega meiri áhrif til ills eða góðs í borgum en á strjálbýlli svæðum. Þetta þýðir að meiri þörf er fyrir samræmingu stefnumótunar þvert á atvinnugreinar, umdæmi og stjórnstig.


Svæðisbundnar horfur innan OECD

Sýnishorn af upplýsingum


Kreppan hefur aukið bilið milli ríkustu og fátækustu héraðanna í mörgum löndum

Stefna varðandi hlutfall milli vergrar landsframleiðslu á mann á 10% af ríkustu og 10% af fátækustu svæðunum, 2008-2010

BIL HEFUR AUKIST




BIL HEFUR MINNKAÐ



Efnahagsvöxtur eykst í grennd við stórar borgir


Svæðisbundinn ársvöxtur á vegri landsframleiðslu á mann (1995-2010) og aksturstími að næstu stórborg með fleiri en 2 milljónir íbúa í OECD-löndum.



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933106667>

Svæðisbundin stjórnvöld hafa mikil áhrif á opinber fjármál

Svæðisbundin stjórnvöld sem % hlutfall af opinberum stjórnvöldum, OECD (2012)



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933106306>

Myndefni er tekið af: OECD (10/2014), *OECD Regional Outlook 2014: Regions and Cities: Where Policies and People Meet*, OECD Publishing
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264201415-en>.

Öll svæði geta aukið árangur með bættum stjórnarháttum

Oft **skortir á slíka samræmingu**: landsbundin og héraðsbundin stefnumið leiða oft til hvata sem stangast á og þau eru oft illa samstillt milli stjórnstiga. Sundurleitni á sveitarstjórnarstigi flækir málin enn frekar, einkum á stórum en pólitískt margskiptum þéttbýlissvæðum. Könnun OECD á stjórnarháttum á þéttbýlissvæðum sýnir glögglega kostnaðinn sem leiðir af sundurleitum stjórnarháttum og dregur fram kosti þess að samræma betur stefnumið innan stórborgarsvæða – þ.e.a.s með borgum sem skilgreindar eru eftir íbúamynstri og efnahagsstarfsemi fremur en eftir stjórnsýslulegum landamörkum, sem oft eru úrelt.

Helstu áhrif á stefnumótun

Vaxandi mismæmi, hægur vöxtur og takmarkað svigrúm til aðgerða í efnahags- og peningastefnu undirstrika þörfina fyrir skilvirka og **staðbundna stefnumótun**. Í fyrsta lagi eru þeir þættir, sem hindra efnahagsvöxt, talsvert mismunandi frá einu byggðarlagi til annars. Í öðru lagi þarf stefnumótun að taka í auknum mæli mið af málamiðlunum sem unnt er að ná milli mismunandi markmiða og hugsanlegri hagkvæmni þess að beita heildarnálgun. Þessar málamiðlanir og möguleikarnir til samstillingar aðgerða blasa oft best við heimamönnum sjálfum, sem eru í bestri aðstöðu til að ná tókum á þeim.

Landfræðilegir þættir skipta máli í stefnumótun: þegar stefnumótendur eru að leita eftir og hvetja til tengingar milli efnahags-, umhverfis- og samfélagsmarkmiða þurfa þeir að horfa út fyrir stjórnsýslumörk og horfa á raunverulegt landfræðilegt umfang viðfangsefnanna sem þeir vilja takast á við – til dæmis þegar takast þarf á við almenningssamgöngur á þéttbýlissvæði í heild fremur en að hver sveitastjórn sjái um sitt. Stjórnstig stefnumótunar ræðst af viðfangsefninu sem um ræðir: skipting skólaumdæma er ólík skiptingu sjúkrahúsumdæma og yfirvöld almenningssamgöngumála starfa á öðrum stærðarforsendum en heilbrigðisyfirvöld. Hins vegar er ekki unnt að fjölga stjórnstigum endalaust og því þarf upplýsingar, stjórnþætti og stofnanir sem geta auðveldað lóðrétta og lárétta samþættingu á mismunandi stigum.

Sérlega mikilvægt er að laga stefnumótun að einstökum stöðum þvert á gjána milli borga og sveita. Í ljósi þess að 78% íbúa dreifbýlis innan OECD búa í grennd við borg er lítið vit í því að líta á sveit og borg sem aðskilin svæði. Samræma þarf stefnumið fyrir dreifbýli og þéttbýli þannig að þau endurspeglir veruleika staðanna þar sem þau koma til framkvæmda. Samstarf sveita og borga getur stuðlað að samræmdri þróun byggðarlaga og hámarkað hugsanlegan ávinning af vinnumarkaði, umhverfistengslum og öðrum tengslum milli samfélaga í borgum og sveitum.

Þrengingarnar í opinberum fjárfestingum leiða til þess að **sveitarstjórnir og héraðsstjórnir þurfa að gera meira – og betur – fyrir minna**. Það var í ljósi þessa sem OECD-ráðið

samþykkti í mars 2014 tilmæli um virka opinbera fjárfestingu þvert á stjórnstig. Meginreglurnar, sem settar eru fram í tilmælunum, eiga að auðvelda stjórnvöldum að meta styrk og veikleika leiða af svigrúminu, sem þau hafa til opinberrar fjárfestingar, og forgangsráða úrbótum.

Ríkisstjórnir og stjórnvöld í héraði kunna að hafa mikilvægu hlutverki að gegna við mótun skilvirkari lausna varðandi stjórnarhætti á stórborgarsvæðum.

Hindranirnar gegn sameiginlegum aðgerðum eru oft miklar, og jafnvel þótt öll sveitarfélög á stóru þéttbýlissvæði eða sveit hefðu hag af samstarfi er hugsanlegt að ekkert þeirra hafi þá getu eða hvatningu sem þarf til að axla kostnaðinn af því að afla nauðsynlegra gagna, fá aðra til liðs við sig o.s.frv.

Bætta stjórnarhætti á stórum þéttbýlisstöðum þarf einnig að styðja með samræmdari stefnumótun um borgir á ríkisstjórnarstigi.

Að jafnaði hefur sérstök stefnumótun fyrir borgir, ef hún er þá yfirhöfuð fyrir hendi, haft tilhneigingu til að vera á þröngu sviði og beinast að vandamálum fremur en tækifærum. Margir aðrir þættir stefnumótunar, sem mögulega hafa djúpstæðar afleiðingar fyrir þéttbýlisþróun, kunna aldrei að hafa verið kannaðir með „þéttbýlisglæraugum“. Stjórnvöld, sem vilja góðar borgir, þurfa að tileinka sér mun víðari sýn á borgarstefnu og beita aðferðum sem ganga þvert á atvinnugreinar þar sem reynt er að takast á við vandamál borga með samræmdum hætti.

DEKKINGARBANKI

- *OECD Regional Well-Being*
www.oecdregionalwellbeing.org
- *How's Life in Your Region?: Measuring Regional and Local Well-being for Policy Making*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264217416-en>
- *Investing Together: Working Effectively across Levels of Government*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264197022-en>

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2014),
Education at a Glance 2014:
OECD Indicators, OECD Publishing
 DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/eag-2014-en>



Vaxandi mikilvægi menntunar og færni

Aðgengi að menntun er að aukast, en sama má segja um áhrif menntunar og færni á líf okkar því að hærra menntastig leiðir til betri möguleika til atvinnu og hærri tekna.

Aðgengi að menntun heldur áfram að aukast og hlutfall fullorðinna, sem búa yfir mikilli færni í læsi, eykst áfram en félagsleg og efnahagsleg misskipting er að aukast, því að áhrif menntunar og færni á tækifæri fólks í lífinu hafa styrkst svo um munar.

Vinumarkaðurinn verðlaunar góðan námsárangur og færni

Tökum atvinnuástandið sem dæmi. Að meðaltali er meira en 80% háskólamenntaðs fólks með atvinnu samanborið við minna en 60% þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsnámi. Þó er háskólamenntað fólk, einkum yngra fólk, ekki ónæmt fyrir atvinnuleysi. Innan OECD-ríkja var atvinnuleysi meðal háskólamenntaðs fólks að meðaltali 5,0% árið 2012 (hækkun úr 3,3% árið 2008) en hjá fólki á aldrinum 25-34 ára var það 7,4% (hækkun úr 4,6% frá árinu 2008). Til samanburðar náði atvinnuleysi fólks á aldrinum 25-34 ára sem var án framhaldsskólamenntunar 19,8% árið 2012 (og jafnvel meira í sumum löndum) sem er hækkun úr 13,6% árið 2008. Þessar tölur staðfesta enn á ný að nýafstaðin efnahagskreppa hefur bitnað harðast á ungu fólki með litla menntun.

Skortur á færni eykur aðeins hættuna á atvinnuleysi – jafnvel meðal fólks sem er með svipað menntunarstig. Sem dæmi má nefna að í þeim 24 löndum og landssvæðum sem tóku þátt í könnun á færni fullorðinna (e. Survey of Adult Skills) var 5,8% atvinnuleysi árið 2012 meðal fullorðinna, sem ekki höfðu

lokið framhaldsskólanámi en bjuggu yfir meðalfærni í læsi, samanborið við 8,0% fullorðinna með svipað menntunarstig sem voru með lélega færni í læsi. Í hópi fullorðinna með háskólamenntun voru að sama skapi 3,9% þeirra sem búa yfir lítilli færni í læsi án atvinnu á meðan atvinnuleysi meðal þeirra sem búa yfir mikilli færni í læsi var 2,5%.

Gögn um tekjur benda einnig til breikkandi bills milli þeirra „betur settu“ og „verri settu“ hvað varðar menntun. Í OECD-ríkjum hafa háskólamenntaðir fullorðnir um 70% hærri laun að meðaltali en framhaldsskólamenntaðir fullorðnir. Munur á færni hefur einnig áhrif á tekjur, jafnvel meðal fólks sem er með sama menntunarstig: að meðaltali er einstaklingur með háskólamenntun sem hefur náð hvað mestri færni í læsi með um 45% hærri tekjur en einstaklingur sem hefur sambærilega menntun en minnstu færni í læsi samkvæmt mælingum könnunarinnar á færni fullorðinna.

Í flestum löndum er þróun í átt til æðra menntastigs algengari en þróun í átt til lægra menntastigs

Þróun og stækkun menntakerfa í mörgum OECD-ríkjum, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, sem og á framhaldsstigi utan háskóla, hefur veitt ungu fólki á aldrinum 25-34 ára tækifæri til að ná hærri menntastigi en foreldrar þeirra. Að meðaltali í OECD-ríkjunum, sem tóku þátt í framangreindri könnun árið 2012 (sem leiddi af áætlun


Menntun í hnotskurn: Vísar OECD

Sýnishorn af upplýsingum

Fleiri fullorðnir eru með framhaldsmenntun

% þeirra sem eru 25-64 ára sem lokið hafa framhaldsnámi, 2000-2012

2000 2012




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933114951>

Hlutfallslegar tekjur eftir menntunarstigi

Hagnaður eða tap samanborið við efra stig framhaldsskóla, 2012

25-64 ára með tekjur af launaðri atvinnu

- Menntun á háskólastigi eða æðra rannsóknarnám
- Efra stig framhaldsskólanáms
- Nám sem er undir efra stigi framhaldsskólanáms



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933116205>

Atvinnuhlutfall miðað við menntunarstig


% þeirra sem eru 25-64 ára í launuðu starfi, 2012

Lönd eru flokkuð í stiglækkandi röð á grundvelli atvinnuþátttöku 25-64 ára sem lokið hafa framhaldsnámi



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933115958>

ISO kóðar	AUS Ástralía	CZE Tékkland	GRC Grikkland	KOR Kórea	NOR Noregur	ESP Spánn
	AUT Austurriki	DNK Danmörk	HUN Ungverjaland	LVA Lettland	POL Pólland	SWE Svíþjóð
	BEL Belgía	EST Eistland	ISL Ísland	LUX Lúxemborg	PRT Portúgal	CHE Sviss
	BRA Brasilía	FIN Finnland	IRL Írland	MEX Mexíkó	RUS Rússland	TUR Tyrkland
	CAN Kanada	FRA Frakkland	ITA Ítalía	NLD Holland	SVK Slóvakía	GBR Bretland
	CHL Síle	DEU Þýskaland	ISR Ísrael	NZL Nýja-Sjáland	SVN Slóvenía	USA Bandaríkin



Myndefni er tekið af: OECD (09/2014), *Education at a Glance 2014: OECD Indicators*, OECD Publishing
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/eag-2014-en>.

Vaxandi mikilvægi menntunar og færni

OECD um alþjóðlegt mat á færni fullorðinna (PIAAC), hafa 32% ungs fólks náð hærra menntunarstigi en foreldrarinnir, meðan aðeins 16% þeirra hafa ekki náð menntastigi foreldra sinna. Í öllum löndum nema Eistlandi, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð er raunþróun upp á við á sviði menntunar algengari en raunþróun niður á við. Útbreiðsla menntunar hefur verið sérstaklega áberandi í Frakklandi, á Írlandi, Ítalíu, í Kóreu, á Spáni og í Rússlandi, þar sem munurinn á hreyfingunni upp á við og niður á við á sviði menntunar er 30 prósentustig eða meira.

Aðrar niðurstöður

Næstum 40% fólks á aldrinum 25-34 ára eru nú með **háskólamenntun**, sem er 15 prósentustigum hærra en meðal fólks á aldrinum 55-64 ára.

Að meðaltali hefur orðið 10 prósentu hækking milli hlutfalls eldri og yngri fullorðinna sem sýna hæstu stig **færni í læsi**.

Í flestum ríkjum OECD hefja börn nú skólagöngu sína allnokkru fyrir 5 ára aldur. Meira en þrjú fjórðu 4ra ára barna (84%) eru skráð í **forskóla eða grunnskóla** í OECD-ríkjum, og í þeim ríkjum OECD, sem eru aðilar að Evrópusambandinu, er hlutfallið 89% af 4ra ára börnum.

Um 72% nemenda, sem hefja **nám í framhaldsskóla** ljúka náminu sem þeir skráðu sig í innan þeirra tímamarka námsbrautarinnar sem gert er ráð fyrir. Ef nemendum eru ætluð tvö ár til viðbótar til að ljúka framhaldsmenntun sinni ljúka 87% nemenda námi sínu tveimur árum eftir tilsettan tíma um námslok að meðaltali í öllum OECD-ríkjum.

Að meðaltali í öllum OECD-ríkjum árið 2012 stunduðu 49% ungs fólks á aldrinum 15-29 ára nám. Af þeim 51% sem eftir voru höfðu 36% atvinnu, 7% voru atvinnulaus og 8% stóðu utan vinnumarkaðarins.

Stofnanir á háskólastigi, og að minna marki forskólastofnanir, hljóta hæst hlutfall fjármagns frá einkaaðilum, þ.e. 31% og 19%, hvort um sig. **Opinber fjárframlög** til menntastofnana á öllum skólastigum jukust milli ára 2000 og 2011 í öllum löndum (nema Ítalíu) þar sem sambærileg gögn eru tiltæk. Eftir því sem þátttaka heimila í kostnaði við menntun hefur aukist, hefur þátttaka **einkaaðila í fjármögnun** menntunar aukist enn hraðar í meira en þremur fjórðu landanna.

Hlutfall **opinberrar útgjalda** til menntunar dróst saman í tveimur þriðju landanna milli ára 2005 og 2011 en á skemmri tímabilinu á árunum 2008 til 2011 – þegar fjármálakreppan stóð sem hæst – jókst hlutfall opinberra útgjalda til menntunar hraðar (eða dróst saman hægar) en opinber útgjöld til allrar annarrar þjónustu í 16 af þeim 31 landi þar sem tölur voru tiltæk.

Aðeins er krafist meistaragráðu hjá **forskólakennurum** í fjórum af 35 löndum þar sem gögn liggja fyrir en þeirrar gráðu

er krafist hjá framhaldsskólakennurum, sem kenna almennar greinar, í 22 af þeim 36 löndum þar sem gögn eru tiltæk.

Fagþróun kennara er skylda á öllum skólastigum í um þremur fjórðu OECD-ríkja og samstarfsríkja OECD þar sem gögn liggja fyrir. Gerð er krafa um fagþróun hjá öllum kennurum í efri bekkjum grunnskóla í 17 löndum og vegna framgangs í starfi og launahækkana í 8 löndum, en engin slík krafa er gerð í 6 löndum.

Árið 2012 voru 4,5 milljónir nemenda á háskólastigi innritaðar í nám utan eigin heimalands. Ástralía, Austurríki, Lúxemborg, Nýja Sjáland, Sviss og Bretland eru með hæst hlutfall **erlendra námsmanna** miðað við heildarinnritun í nám á háskólastigi.

DEKINGARBANKI

- *TALIS 2013 Results: An International Perspective on Teaching and Learning*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264196261-en>
- *Skills Outlook 2013: First Results from the Survey of Adult Skills*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264204256-en>
- *Trends Shaping Education 2013*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/trends_edu-2013-en

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2014), *Green Growth Indicators 2014*, *OECD Green Growth Studies*, OECD Publishing
 DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264202030-en>

Mæling framfara í átt að grænum efnahagsvexti

Vísar OECD um grænan hagvöxt hjálpa stjórnvöldum að móta stefnu sem stuðlar að hagvexti og þróun en tryggir samt að náttúruauðlindir gefi áfram af sér þau náttúrugæði og umhverfisþjónustu sem hagsæld okkar byggist á. Vegna efnahags- og fjármálakreppunnar dró nokkuð úr álagi á umhverfið. Hins vegar er hætt við því að eftir því sem hagvöxtur eykst kunni álagið jafnframt að aukast og verða umfram það sem var fyrir kreppu.

Vísar OECD um grænan hagvöxt tengjast þremur meginmarkmiðum: að stuðla að hagkerfi þar sem notkun kolefna er lítil og nýting auðlinda hagkvæm, að viðhalda grunni náttúruauðlinda, að bæta almenn lífsgæði og innleiða viðeigandi stefnumið og nýta hin efnahagslegu tækifæri sem grænn hagvöxtur býður upp á. Sex meginvísar eru ætlaðir til þess að sýna mikilvægustu þætti vistvænnar þróunar á hlutlausan hátt: framleiðni kolefna og hráefnis, fjölpátta framleiðni leiðrétt fyrir umhverfi, vísitölu náttúruauðlinda, breytingar á landnotkun og landþekju og áhætta fólks af loftmengun.

Vegna efnahags- og fjármálakreppunnar dró nokkuð úr álagi á umhverfið. Eftir því sem vöxtur tekur við sér mun álagið hins vegar brátt aukast aftur og ná hærra stigi en fyrir kreppuna nema stjórnvöld ráðist í viðeigandi stefnumörkun. Aukið og viðvarandi átak þarf til að bæta hagkvæma notkun orku og náttúruauðlinda til að snúa við umhverfisspjöllum, viðhalda náttúruverðmætum og bæta lífsgæði fólks. Það kallar á samstillt átak ráðuneyta fjármála, efnahags, iðnaðar og landbúnaðar og annarra ráðuneyta sem koma að stefnumótun sem hefur áhrif á umhverfið og sem geta stuðlað að vistvænni þróun. Brýnt verður að byggja upp mannauð með menntun og aukningu á færni.

Er okkur að takast að auka hagvæmni í nýtingu auðlinda og umhverfisins?

Undanfarin 20 ár hefur umhverfisframleiðni í hagkerfum OECD, mæld á grundvelli **kolefnis-, orku- og hráefnanotkunar**, aukist en mikill munur er milli landa og atvinnugreina. Losun koltvísýrings og notkun jarðefnaeldsneytis eykst ekki lengur í takti við hagvöxt og endurnýjanleg orka gegnir vaxandi hlutverki í viðleitninni til að finna nýjar leiðir og draga úr þætti kolefnis í orkumálum. Um þessar mundir framleiða OECD-ríki

meiri efnahagsleg verðmæti á hverja einingu hráefnis en árið 1990 og tilraunir til að endurvinna úrgang eru að skila árangri. Notkun næringarefna í landbúnaði fer einnig batnandi og smám saman dregur úr afgangsefnum sem hlutfalli af framleiðslu.

Þessi þróun leiðir af mörgum þáttum: stefnumörkun, efnahagslægdinni vegna kreppunnar, vexti þjónustugreina, tilfærslu auðlinda- og orkufrekrar framleiðslu til annarra landa og vaxandi viðskiptamagni í heimsviðskiptum.

Á mörgum sviðum hefur aukningin í framleiðni verið lítil og álag á umhverfið er enn mikið: losun kolefna heldur áfram að aukast, jarðefnaeldsneyti er enn ráðandi í orkunotkun, stundum með stuðningi stjórnvalda, notkun efnislegra verðmæta til að styðja við hagvöxt er enn mikil og miklu verðmæti er enn fargað sem úrgangi.

Erum við að viðhalda náttúrugæðum sem standa undir hagkerfi okkar?

Tiltækar upplýsingar til að meta náttúrugæði landa eru ófullkomnar og mismunandi að gæðum. Árangur hefur náðst varðandi stjórnun endurnýjanlegra náttúruauðlinda ef litíð er til magns. Framleiðsla fiskafurða úr sjávarfangi er orðin stöðugri, nýting skóga á íbataskyni virðist sjálfbær og öflun endurnýjanlegra ferskvatnsbirgða er stöðug þrátt fyrir vaxandi eftirspurn.

Heildarálag á náttúruauðlindir er þó enn mikið og enn er mikið verk óunnið varðandi gæði náttúruauðlinda, hlutverk þeirra í vistkerfinu og samræmda stjórnun þeirra. Svæði, sem hafa til að bera mikla líffræðilega fjölbreytni, dragast saman og mörg vistkerfi eru að hrörna. Ógnir, sem steðja að líffræðilegri fjölbreytni, eru sérlega miklar í þéttbýlustu

Vísar OECD um vistvæna þróun

Sýnishorn af upplýsingum

Loftmengun í borgum

Meðal váhrif svifagna á einstaklinga (PM10), $\mu\text{g}/\text{m}^3$

 1990
  2010
  Viðmiðspröskuldur Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunar WHO ($20 \mu\text{g}/\text{m}^3$ ársmeðaltal)




StatLink  <http://dx.doi.org/10.1787/888932925654>

Hlutfall endurnýjanlegrar raforku

% endurnýjunar í rafmagnsframleiðslu

 1990  2011




StatLink  <http://dx.doi.org/10.1787/888932925255>

Notkun umhverfisskatta helst áfram takmörkuð í mörgum löndum

Sundurliðun á tekjum af umhverfissköttum sem % af vergri landsframléiðslu, 2012



Flokkað frá lágsta upp í hæsta fyrir orkumál



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888932925825>

ISO-kóðar

- | | | | | |
|-----------------------|-------------------------|----------------------|---------------------------|-----------------------|
| AUS Ástralía | DNK Danmörk | IND Indland | MEX Mexikó | SVK Slóvakía |
| AUT Austurríki | EST Eistland | IDN Indónesía | NLD Holland | SVN Slóvenía |
| BEL Belgía | FIN Finnland | IRL Írland | NZL Nýja-Sjáláland | ESP Spánn |
| BRA Brasílía | FRA Frakkland | ISR Ísrael | NOR Noregur | SWE Svíþjóð |
| CAN Kanada | DEU Þýskaland | ITA Ítalía | POL Pólland | CHE Sviss |
| CHL Síle | GRC Grikkland | JPN Japan | PRT Portúgal | TUR Tyrkland |
| CHN Kína | HUN Ungverjaland | KOR Kórea | RUS Rússland | GBR Bretland |
| CZE Tékkland | ISL Ísland | LUX Lúxemborg | ZAF Suður-Afrika | USA Bandaríkin |



Myndefni er tekið af: OECD (07/2014), *Green Growth Indicators 2014*, *OECD Green Growth Studies*, OECD Publishing

DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264202030-en>

Mæling framfara í átt að grænum efnahagsvexti

löndunum og á stöðum þar sem breytingar í landnotkun og þróun innviða hafa leitt af sér aukna skiptingu náttúrlegra búsvæða. Margar **dýra- og jurtagundir** eru í hættu, einn þriðji hluti fiskistofna heimsins er ofnýttur og **skóglendi** er víða ógnað af hrörnun, uppskiptingu og breyttri landnotkun. Álag á vatnsbirgðir er áfram mjög mikið og í sumum tilfellum gæti staðbundinn vatnsskortur hamlað efnahags starfsemi.

Nýtur fólk góðs af umhverfisbótum?

Flest fólk í löndum OECD nýtur góðs af bættu hreinlæti, næstum 80 % njóta góðs af skólphreinsun. Váhrif á menn vegna loftmengunar frá brennisteinsdíoxíði og svifögnum fara minnkandi. Á sama tíma halda jarðlæg óson, nituroxíð og fíngerðar efnisagnir áfram að hafa áhrif á heilsu manna. Áætlanir á kostnaði vegna loftmengunar í OECD-löndum benda til þess að ábati af því að draga enn meira úr mengun gæti verið umtalsverður. Einnig eru enn vandamál við endurbætur á úr sér gengnum vatnsveitu- og skólþveitukerfum og við aðgang að skilvirkri skólphreinsun í litlum og einangruðum byggðum.

Skapar vistvæn þróun efnahagsleg tækifæri?

Viðleitni landa til að innleiða vistvæna þróunarstefnu með því að styðja við nýja tækni og nýsköpun og með því að beita efnahagslegum stjórnækjum heldur áfram með vaxandi hraða. Sambærilegar upplýsingar um þau efnahagslegu tækifæri í atvinnusköpun og samkeppnisfærni sem leiða af vistvænni þróunarstefnu eru þó enn af skornum skammti. Erfitt er að setja síbreytilegar hliðar vistvænnar þróunar fram tölfræðilega og margar tilraunir til mælinga hafa beinst að „grænni starfsemi“ frekar en að „grænni umbreytingu“ hagkerfisins og aðfangakerfum heimsins.

Þær atvinnugreinar, sem framleiða **umhverfisvænar afurðir og þjónustu**, eiga vaxandi (en þó fremur litla) hlutdeild í hagkerfinu. Opinber útgjöld til **rannsóknna og þróunar** varðandi hagkvæmni í umhverfis- og orkumálum hafa aukist og sama má segja um hlutdeild „grænna“ einkaleyfa. Notkun **umhverfistengdra skatta** er að aukast en er enn takmörkuð í samanburði við vinnutengda skatta. Hlutdeild stuðnings við bændur, sem mestu álagi veldur á umhverfið, hefur dregist saman en stuðningur, sem felur í sér umhverfiskröfur, hefur aukist.

Farið er að bera á **alþjóðlegu flæði fjármagns** sem styður græna þróun. Meðan **kolefnismarkaðir** drógust saman vegna fjármálakreppunnar og minnkaðrar iðnframleiðslu komu ný tækifæri fram á sjónarsviðið á sviði hreinnar orku þar sem alþjóðlegar **fjárfestingar** hafa farið fram úr fjárfestingum í jarðefnaorku. Ný tækifæri hafa einnig komið fram með því að fjármálastofnanir hafa gefið út „**græn**“ **skuldabréf** og **útflutningslánastofnanir** hafa greitt

fyrir fjárfestingu einkaaðila í verkefnum sem háð eru mati á umhverfisáhrifum. **Þróunaraðstoð** vegna umhverfismála hefur áfram aukist og aðstoð í þágu endurnýtanlegrar orku hefur farið fram úr aðstoð sem tengist óendurnýjanlegri orku.

Mikið af þessari þróun á sér þó stað á jaðrinum og stefnumótun skortir oft samhengi, sem grefur undan breytingunni yfir í vistvænan hagvöxt. Ýmis lönd halda áfram að **styðja við vinnslu og neyslu jarðefnaeldsneytis** á margan hátt. Breytileiki **orkuskatta**, lágt skatthlutfall á eldsneyti, sem hefur umtalsverð umhverfisáhrif og undanþágur vegna eldsneytis, sem er notað í sumum atvinnugreinum, standa í vegi fyrir breytingu yfir í lágkolefnahagkerfi. Skattaumbætur veita löndum mikilvæg tækifæri til þess að afla aukinna skatttekna en að ná samt umhverfismarkmiðum á hagkvæmari hátt.

DEKINGARBANKI

- *Towards Green Growth in Southeast Asia*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264224100-en>
- *Policy Instruments to Support Green Growth in Agriculture*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264203525-en>
- *OECD Environmental Performance Reviews*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/19900090>

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD/FAO (2014), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2014-2023*, OECD Publishing
 DOI: http://dx.doi.org/10.1787/agr_outlook-2014-en

Horfur í landbúnaði – að fæða heiminn

Bændur og sjómenn heimsins munu geta annað eftirspurn næstu 10 árin. Auknar tekjur, þéttbýlismyndun og breyttar matarvenjur munu styðja við breytinguna yfir í mataræði sem er auðugra af prótínum, fitu og sykri. Verð mun hækka en haldast fyrir neðan sögulegt hámark. Indland, þar sem jurtafæði er ráðandi, akurlendi víðfeðmt og þéttbýlismyndun hægt vaxandi, stendur frammi fyrir einstökum tækifærum og áskorunum, en búist er við að framleiðsla og neysla fæðu á mann haldi áfram að aukast.

Verð á helstu nytjaplöntum á alþjóðlegum mörkuðum hefur lækkað umtalsvert frá því sem það var hæst, einkum vegna metuppskeru árána 2013/14. Aftur á móti er verð á kjöti og mjólkurafurðum í sögulegu hámarki þar sem framboð var ekki í samræmi við væntingar árið 2013. Heimsverð á etanóli og lífdísilólíu hefur haldið áfram að lækka frá hámarkinu sem náðist 2011 þar sem nægt framboð er á hvoru tveggja.

Eftirspurn eftir landbúnaðarafurðum er talin verða stöðug áfram þótt vöxtur verði hægari borið saman við síðastliðinn áratug. Kornvörur eru enn meginuppistaðan í fæðu manna en auknar tekjur, þéttbýlismyndun og breyttar matarvenjur hafa átt þátt í umskiptum í mataræði þar sem hlutfall er hærra af prótíni, fitu og sykri.

Á næsta áratug er því spáð að meiri aukning verði í **búfjárrækt og framleiðslu á lífeldsneyti en framleiðslu á nytjaplöntum**. Þessar breytingar á uppbyggingu landbúnaðarframleiðslu á heimsvísu leiða til hlutfallslega meiri áherslu á grófar korntegundir og olíufræ til þess að mæta eftirspurn eftir fæðu, fódri og lífeldsneyti, á kostnað undirstöðunytjaplantna til manneldis á borð við hveiti og hrísgrjón. Framleiðsluaukningin mun að megninu til eiga upptök sín á svæðum þar sem ráðandi þættir á borð við jarðnæði, aðgengi að vatni og stjórnaðsreglur valda minnstri fyrirstöðu.

Gert er ráð fyrir að **verð á nytjaplöntum** muni enn halda áfram að lækka í eitt eða tvö ár áður en það nær stöðugleika á

verðbili sem er nokkru hærra en á tímabilinu fram til 2008 en þó umtalsvert fyrir neðan nýlegar hámarkstölur. Búist er við því að verð hækki á kjöti, mjólkurafurðum og fiski. Að raungildi er þó gert ráð fyrir að verð á bæði nytjaplöntum og dýraafurðum muni lækka til meðallangs tíma. Vætanlegt hlutfall birgða og notkunar á korni hefur hækkað umtalsvert, sem ætti að draga úr áhyggjum af óstöðugu verðlagi.

Fiskframleiðsla í heiminum mun fyrst og fremst vaxa fyrir tilstilli fiskeldis í þróunarlöndum. Viðvarandi hár kostnaður vegna stöðugar eftirspurnar mun halda fiskverði vel fyrir ofan sögulegt meðaltal og hamlar neysluaukningu á komandi áratug. Framleiðsluaukning mun aðallega eiga sér stað í þróunarlöndum í Asíu og Suður-Ameríku.

Viðskipti halda áfram að aukast en þó hæggar en á síðastliðnum áratug. Ameríkuríki munu styrkja stöðu sína sem ráðandi útflutningssvæði, bæði hvað varðar verðmæti og magn, en Afríka og Asía munu auka nettóinnflutning sinn til að mæta vaxandi eftirspurn þar.


Nýlegar stefnubreytingar varðandi landbúnaðar- og fiskveiðimarkaði hafa leitt til þess að undirstöðubættir framboðs og eftirspurnar bregðast með sneggrri hætti við markaðsvísbendingum. Hins vegar eru báðar greinar áfram undir áhrifum af stefnumiðum á borð við stuðning við framleiðendur, birgðahald og markmið um aukna notkun lífdísils. Frekari stefnubreytingar eru í farvatninu.

OECD horfur í landbúnaði

Sýnishorn af upplýsingum


Matvælavæð er sveiflukenndara í þróunarlöndum

Raunverðbólga á matvælavæði



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933098725>


Færri án matar á Indlandi




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933099067>

Íbúar þróunarlanda neyta meira af kjöti og fiski

● Þróað ● Í þróun M.t. = milljónir tonna



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933098763>



Myndefni er tekið af: OECD/FAO (07/2014), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2014-2023*, OECD Publishing
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/agr_outlook-2014-en.

Horfur í landbúnaði – að fæða heiminn

Landbúnaðarlög Bandaríkjanna frá árinu 2014 og endurskoðuð landbúnaðarstefna Evrópusambandsins árið 2013 hlutu samþykki á síðasta ári. Ákvæði þeirra eru hins vegar ekki lögð til grundvallar í núverandi spám þar sem ekki hefur verið gengið endanlega frá atriðum sem varða framkvæmdina

Markverðast á hrávöruheimsmarkaði til 2023

Korn: Heimsverð á helstu korntegundum mun lækka í byrjun tímabilsins og auka þar með heimsviðskipti. Gert er ráð fyrir að birgðir muni aukast og að hrisgrjónabirgðir í Asíu nái nýju hámarki.

Olíufrae: Hlutfall ræktaðs lands sem nýtt er til ræktunar á olíufraejum heldur áfram að aukast á heimsvísu, þótt hægt hafi á aukningunni, þar sem stöðug eftirspurn eftir jurtaolium veldur hækkandi verði.

Sykur: Sykurverð á alþjóðlegum mörkuðum mun jafna sig vegna mikillar eftirspurnar á heimsvísu, eftir verðlækkun seint á árinu 2013. Etanól-markaðurinn verður áhrifavaldur á útflutning frá Brasilíu, sem er ráðandi sykurútflytjandi heims.

Baðmull: Salan á uppsöfnuðum birgðum á heimsvísu, sem gert er ráð fyrir, mun auka neyslu eftir því sem verð lækkar þar til verðið nær sér aftur á strik fyrir 2023.

Lífeldsneyti: Búist er við því að notkun og framleiðsla lífeldsneytis aukist um meira en 50% og að etanól úr sykri og lífdísill verði þar í fararbroddi. Verð á etanóli mun hækka í takti við verð á hráolíu meðan verðþróun lífdísils verður nær verðþróun jurtaolíu.

Kjöt: Stöðug eftirspurn eftir innflutningi frá Asíu ásamt endurnýjun bústofna í Norður-Ameríku veldur hærra kjötverði og verð á nautakjöti nær nýju hámarki. Neysla á alifuglakjöti fer fram úr svínakjötsneyslu á spátímanum.

Mjólkurvörur: Verð lækkar örlítið úr núverandi hámarki vegna viðvarandi framleiðniaukningar í helstu framleiðslulöndum og endurnýjaðs hagvaxtar í Kína. Indland fer fram úr Evrópusambandinu sem stærsti mjólkurframleiðandi heims og byggir upp umtalsverðan útflutning á undanrennudufti á spátímanum.

Fiskveiðar: Framleiðsluvöxtur í fiskeldi mun einkum eiga sér stað í Asíu. Fiskeldi er enn þá ein þeirra greina matvælaframleiðslu sem vex hvað hraðast og fer fram úr veiddum fiski til mannelis árið 2014.

Sjónum beint að Indlandi

Þessi útgáfa á Horfum beinir sjónum að Indlandi, öðru fjölmennasta ríki heims, með stærstu bændastétt heims og hæst hlutfall íbúa sem búa við fæðuöryggi. Í Horfum er dregin upp **tiltölulega bjartsýn framtíðarmynd**

fyrir Indland, sem spáð er að muni viðhalda aukningu í fæðuframleiðslu og fæðuneyslu, einkum vegna atvinnugreina sem skila meiri virðisauka.

Ný lög um fæðuöryggi landsins fela í sér viðamestu áætlun um réttinn til matar sem nokkru sinni hefur verið ráðist í, þar sem skömmtum af niðurgreiddu kornmeti (um það bil 90% undir smásöluverði) verður úthlutað til rúmlega 800 milljóna manna. Framkvæmd áætlunarinnar verður meiri háttar áskorun.

Niðurgreiðslur til þess að stuðla að aukinni notkun áburðar, skordýraeiturs, fræja, vatns, rafmagns og lánsfjár og markaðsverðstuðningur hafa átt þátt í mikilli árlegri framleiðsluaukningu í landbúnaði á síðastliðnum áratug. Áætlanir sem þessar halda áfram að stuðla að framleiðsluaukningu og gera Indlandi kleift að auka birgðir á mann umtalsvert þótt aukinn þrýstingur á auðlindir muni draga úr raunvaxtarhraða á næsta áratug.

Þótt meginuppistaðan í mataræði Indverja verði áfram jurtafæða mun mataræðið verða margbreytilegra. Búist er við því að neysla á kornmeti muni aukast, en meiri neysla á mjólk og mjólkurvörum, belgjurtum, ávöxtum og grænmeti mun eiga sinn þátt í að bæta inntöku næringarefna. Fiskur mun einnig gegna þýðingarmiklu og vaxandi hlutverki sem prótíngjafi á sama tíma og kjötneysla eykst verulega þótt hún verði áfram ein sú minnsta á heimsvísu.

Helstu óvissuþættir felast í því hvernig Indland stendur sig þjóðhagslega, hvort vaxandi afrakstur reynist sjálfbær og áætlanir stjórnvalda lífvænlegar.

Athugasemd varðandi þjóðhagslegar ályktanir

Við hinar þjóðhagslegu aðstæður sem þessar Horfur grundvallast á er gert ráð fyrir að verg landsframleiðsla aukist að meðaltali um 2,2% á ári í OECD-ríkjum. Efnahagslegar horfur í hagkerfum ýmissa nýmarkaðsríkja eru traustar en hafa verið færðar lítilla niður í samanburði við síðastliðinn áratug. Í flestum hagkerfum í Afríku mælist traustur hagvöxtur. Sterkari Bandaríkjadalur mun hafa áhrif á samkeppnishæfni fjölda ríkja. Gert er ráð fyrir að fatsverð iardolíu nái 147 dölum fyrir árið 2023.

DEKKINGARBANKI

- *OECD Compendium of Agri-environmental Indicators*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264186217-en>
- *Climate Change, Water and Agriculture: Towards Resilient Systems*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/9789264209138-en>
- *Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2014: OECD Countries*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/agr_pol-2014-en

UPPLÝSINGAR



Texti og myndir eru frá OECD (2014), *Perspectives on Global Development 2014: Boosting Productivity to Meet the Middle-Income Challenge*, OECD Publishing
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/persp_glob_dev-2014-en

Framleiðni - næsta áskorun



Dregið gæti úr örum vexti nýmarkaðsríkja ef ekki er gripið til aðgerða til að auka framleiðni.

Mörg meðaltekjulönd eru ekki að færast nær löndum OECD að því er varðar tekjur á mann: Öflugur vöxtur mestan hluta síðasta áratugar hefur verulega bætt hlutdeild þróunarlanda í hagkerfi heimsins. En mun þetta ferli „auðlegðartilfærslu“ gera þessum löndum kleift í tímans rás að nálgast meðaltekjur á mann í ríkjum OECD? Eftir langt skeið eftirtektarverðra framfara er nú farið að draga úr vaxtarhraða í sumum meðaltekjuhagkerfum. Með núverandi vaxtarhraða munu nokkur meðaltekjulönd ekki ná meðaltekjustigi OECD fyrir árið 2050. Vandí þeirra hefur aukist vegna samdráttarins í Kína þar sem ör vöxtur hefur til þessa komið nágrönnum þeirra og birgjum til góða, einkum útflytjendum á afurðum náttúruauðlinda.

Lykillinn er framleiðniaukning: Samfara þróuninni frá lágtekjuhagkerfum hefur framleiðni aukist með tilflutningi vinnuafls frá atvinnugreinum þar sem framleiðni er lítil til greina þar sem hún er meiri. Þessi tilflutningur gæti áfram verið mikilvægur þáttur, jafnvel í meðaltekjulöndum, svo sem Indlandi og Indónesíu. En þegar hægir á þessu ferli þarf í auknum mæli að beina athygli að framleiðniaukningu innan atvinnugreina. Breytingin kemur greinilega fram í heildaraukningu framleiðni í löndum OECD. Hún kemur einnig fram í Kína, þar sem framleiðni hefur aukist í mörgum framleiðslugreinum með nýtingu hnattrænnar þekkingar gegnum beinar erlendar fjárfestingar og með innflutningi fjárfestingarvöru og íhluta.

En framleiðnin eykst hægt: Til þess að samleitnin haldi áfram þarf að herða á framleiðniaukningu. Á síðasta áratug hefur framleiðniaukning aðeins átt örlítinn þátt í hagvexti í mörgum meðaltekjulöndum. Hún dugði ekki heldur til að

minnka hið mjög svo breiða bil í framleiðni samanborið við þróaðri lönd. Bilið breikkaði meira að segja í Brasilíu, Mexíkó og Tyrklandi. Kína skilaði aftur á móti eftirtektarverðum vexti í framleiðni: um 10% á ársgrundvelli í framleiðni vinnuafls og meira en 7% aukningu í framleiðni framleiðslu- og þjónustupátta. Á Indlandi varð einnig umtalsverð aukning í framleiðni allra framleiðslupátta á síðasta áratug, enda þótt bilið milli Indlands og þróaðra hagkerfa sé áfram mikið.

Sumir hefðbundnir drifkraftar vaxtar fara dvínandi: Bætt framleiðni er sérlega mikilvæg þar sem mörg meðaltekjulönd geta ekki lengur treyst á þann ávinning sem lágtekjulönd njóta meðan þau færast upp í meðaltekjustöðu. Þar má nefna lágan launakostnað og hraðan vöxt, sem knúinn er af framförum í útflutningsgreinum vegna erlendar. Enn fremur er lýðfræðileg þróun í meðaltekjulöndum ekki hagstæð efnahagsvexti. Lýðfræðilegar breytingar flýta oft fyrir uppgangi upp í stöðu meðaltekjulands þegar hraðar dregur úr dánartíðni en tíðni fæðinga því að það eykur framboð fólks á vinnualdri. Sum svæði munu enn njóta góðs af þessum lýðfræðilega ávinningi, einkum Suður-Asía og Afríka sunnan Sahara. Annars staðar fer ávinningurinn af þessari lýðfræðilegu þróun dvínandi.

Meðaltekjuhagkerfi geta aukið framleiðni með því að:

Færa sig jafnt og þétt yfir í þær greinar landbúnaðar, iðnaðar og þjónustu þar sem virðisauki er meiri: Efnahagsleg fjölbreytni er sérlega mikilvæg í meðaltekjulöndum þar sem laun fara hækkandi, svo og í löndum sem búa yfir miklum náttúruauðlindum.


Nýsköpun með því að nýta alþjóðlega þekkingu og efla

Sjónarmið OECD um hnattræna þróun

Sýnishorn af upplýsingum

Auður færirst


% hlutfall af alþjóðlegri vergri framleiðslu í kaupmáttarígildi (e. purchasing power parity - PPP)



StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933057419>


Framleiðsluvöxtur er yfirleitt hærri í þjónustugeirum en í framleiðsluþænaði


Aukning í vinnuframiðni í þjónustugeirum miðað við framleiðsluþænaði, % punktabreyting 2002-2007




StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933058426>

Mörg lönd með meðaltekjur eru ekki í samleitinni stefnu við tekjur OECD-landa







Há innkoma



Innkoma yfir meðaltal



Innkoma undir meðaltal



Lág innkoma

StatLink <http://dx.doi.org/10.1787/888933057533>

ISO-kóðar	AGO Angóla	BTN Bútan	DZA Alsír	IRQ Írak	MEX Mexíkó	PLW Palá	SYC Seychelles-eyjar	TUR Tyrkland
	ARM Armenía	CHN Kína	GEO Georgía	KAZ Kasakstan	MNG Mongólía	ROM Rúmenía	THA Tailand	UKR Úkranía
	AZE Aserbaidsjan	CMR Kamerún	GRD Grenada	KEN Kenía	MYS Malasía	RUS Rússland	TKM Túrkménistan	VNM Víetnam
	BGR Búlgaría	COG Kongó	HUN Ungverjaland	LCA Sankti Lúsía	NGA Nígería	SEN Senegal	TON Tonga	ZAF Suður-Afríka
	BLR Hvíta-Rússland	COL Kólumbía	IDN Indónesía	LKA Srí Lanka	PAN Panama	STP Saó Tóme og Prinsípe	TUN Túnis	
	BRA Brasílía	DOM Dóminíska lýðveldið	IND Indland	MDA Moldóva	PER Perú			

Myndefni er tekið af: OECD (07/2014), *Perspectives on Global Development 2014 : Boosting Productivity to Meet the Middle-Income Challenge*, OECD Publishing
 DOI: http://dx.doi.org/10.1787/persp_glob_dev-2014-en.

Framleiðni - næsta áskorun

Innlenda færni: Jafnvel löndin sem fremst standa meðal meðaltekjulanda hafa enn umtalsvert svigrúm til að ná hinum að því er varðar tækniframfarir. Auk betri aðlögunar að hinu alþjóðlega viðskiptakerfi og öflunar á þekkingu með viðskiptum, beinum erlendum fjárfestingum og öðrum ráðum þurfa löndin einnig að þróa hæfni til að sinna nýsköpun með nýjum afurðum og verkferlum sem þjóna betur þörfum þeirra og efla samkeppnishæfni.

Umbætur á vöru-, vinnu- og fjármálamarkaði og þróun færni: Í mörgum meðaltekjulöndum stendur ófullnægjandi lagaumhverfi og skortur á færni þróun samkeppnishæfra atvinnufyrirtækja og nýsköpunarfyrirtækja víða fyrir þrífum.

Efling samkeppnishæfra þjónustugreina: Innlend þjónusta hefur svigrúm til að vaxa til þess að mæta eftirspurn stækkandi millistéttar. Þjónustugreinar geta einnig eflt samkeppnishæfni framleiðslugreina og verið uppspretta útflutningstekna.

Pau geta einnig haldið áfram að nýta sér „gamla“ drifkrafta vaxtar með því að:

Flytja vinnuafli frá greinum með lága framleiðni til greina með hærri framleiðni: Mörg meðaltekjulönd, þ.m.t. Indland, Indónesía, Íran og Malasía, geta enn notið góðs af því að vinnuafli í landbúnaði, framleiðslu- og þjónustugreinum færir til greina þar sem framleiðni er meiri.

Nýta til fulls vöxt vegna áhrifa af uppsöfnun framleiðsluþátta: Flest meðaltekjulönd hafa enn svigrúm til að bæta nýtingu sína á vinnuafli og auka bæði mannaúð sinn og fastafjármuni. Einnig er hægt að bæta hagkvæmni í nýtingu framleiðsluþátta.

Pau geta unnið að því að dreifa ávinningnum af efnahagsvexti með því að:

Tryggja jöfn tækifæri: Í mörgum meðaltekjulöndum er fátækt enn útbreidd og/eða tekjujöfnuður hefur aukist undanfarinn áratug. Óánægja „millistéttarfólks“ með lífskjör og áhrifaleysi í ákvarðanatöku hefur skapað spennu í sumum löndum með meðaltekjuhagkerfi. Þessi félagslegu viðfangsefni þarf að leysa með því að efla almannagæði, bæta lífsgæði fólks, fjölga atvinnutækifærum og tryggja aukin áhrif í efnahagsmálum.

Þróa virkar byggðapróunaráætlanir til að styðja við sanngjarnari vöxt og draga úr mismun milli byggðalaga: Til þess þarf að greina samkeppnishæfni byggðarlaga og sniða opinbera þjónustu að þörfum á hverjum stað með áherslu á þéttbýl og fátæk svæði.

Auka orkunýtni og sjálfbærni í umhverfismálum: Ef atvinnustarfsemi er færð til greina sem ekki eru eins orkufrekar og tækni tekin upp sem bætir orkunýtingu mundi það draga

úr viðkvæmni fyrir sveiflum í orkuverði og breytingum á reglugerðum og neytendavenjum. Að auki þarf að beina meiri athygli að umhverfissjálfbærni með því að gera áætlanir um þróun sem bera árangur.

Einnig er hægt að gera stjórnsýsluna skilvirkari með því að:

Efla færni til þess að móta og framkvæma áætlanir: Betri þjálfun ríkisstarfsmanna og bætt samhæfing milli ráðuneyta er nauðsynleg til að tryggja árangursríka skipulagningu og framkvæmd. Metnaðarfullar breytingar í stefnumótun geta verið pólitískt erfiðar og kostnaðarsamar en samt hagkvæmari en óbreytt ástand. Virk boðskipti og rétt tímasetning og forgangsröðun eru mikilvæg til að afla stuðnings hagsmunaaðila við innleiðingu slíkra umbóta.

DEKKINGARBANKI

//////////


- *African Economic Outlook 2014: Global Value Chains and Africa's Industrialisation*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/aeo-2014-en>
- *Economic Outlook for Southeast Asia, China and India 2014: Beyond the Middle-Income Trap*
DOI: <http://dx.doi.org/10.1787/saeo-2014-en>
- *Perspectives on Global Development 2014: Boosting Productivity to Meet the Middle-Income Challenge*
DOI: http://dx.doi.org/10.1787/persp_glob_dev-2014-en

BETTER POLICIES FOR BETTER LIVES

OECDiLibrary

Alþjóðlegur þekkingargrunnur OECD

Meira en 1 milljón niðurlaga á dag!



2./3. JÚNÍ
2015

OECD FORUM 2015

Stærsti viðburður OECD fyrir almenning er haldinn á sama tíma og árlegi ráðherrafundurinn fer fram.

Taktu þátt í umræðum um þau atriði sem eru efst á baugi í heiminum og ræddu við leiðtoga úr fjölda stjórn mála flokka.

Merktu við dagsetninguna!

www.oecd.org/forum